

skynsöm og skipta mér ekki af þessu? Gæti ég það?

Út um gluggann sá ég að Annika ýtti stelpunum á hlaupahjóli, stökk með þeim yfir teygjur og sippaði. Svo voru þær komnar á trampólínið enn eina ferðina. Þær dönsuðu og hoppuðu í takt við þýskt rapp úr símanum hennar Anniku. Með bendingum og köllum reyndu þær að fá mig til að koma niður. Þegar ég hristi höfuðið grettu þær sig og héldu áfram að leika sér. Skyndilega var Annika á fleygiferð um loftið eftir risastökk á trampólíninu. Hún lenti næstum því í næsta garði! Ég tók viðbragð, ætlaði að hlaupa niður og athuga með hana en þá stóð hún hlæjandi upp, hnyklaði upp handleggsvöðvana og skælbrosti til mín.

Ég renndi mér niður af borðinu og dró fram minnisblöð sem ég hafði skrifað þegar ég las mér til um þessi mál á netinu. *Réttlævi* stóð á einu þeirra, *hefndarklám* á öðru. Ég hló vandræðalega með sjálfri mér. Fannst þetta svo barnalegt en á sama tíma mjög fullorðins. Ég

Þegar stressið var að gera út af við mig fannst mér róandi að setjast upp á skrifborðið í herberginu mínu og horfa út um gluggann. Kvöldið sem Annika kom í heimsókn sat ég þar og horfði á stelpurnar leika sér í kvöldmyrkrinu. Það var ótrúlegt að Annika skyldi þora í heljarstökk með alla hringina í sér. Nokkra í eyrum og nefi og svo glitti í naflahring í gegnum netabolinn. Hún væri sennilega líka með tattú ef pabbi hennar leyfði það, hugsaði ég.

Ég reyndi enn og aftur að ná í Lindu en sem fyrr svaraði hún ekki. Mér fannst ég verða að gera eitthvað, hringja í einhvern sem gæti reddað málunum. En hvern?

Eitthvað fékk mig til að hika við að hringja í pabba. Það er einhvern veginn erfðara að biðja sína nánustu að verja vini manns, heldur en mann sjálfan. Hvað ef hann segði mér að vera

fann símanúmerið hjá Kormáki sem ég hafði fengið hjá Lindu þegar ég ætlaði að skamma hann fyrir myndina sem hann birti af mér. Þá hafði ég bugast, en ekki núna. Ég hringdi.

— Kormákur, sagði smjaðursleg<sup>223</sup> rödd í símann.

Mig langaði strax að skella á. *Ekki vera*

*aumingi, Hrafnhildur*, hugsaði ég og andaði djúpt.

— Kormákur, endurtók hann. — Hver er þetta?  
— Hæ, þetta er Hrafnhildur, vinkona Lindu.  
Þú manst kannski eftir mér, romsaði<sup>224</sup> ég upp úr mér.

— Blessuð.

Þegar hann heyrði nafni mitt varð rödd hans órólegri. Allt öðruvísi en þegar hann hafði talað til mín fyrir framan vini sína á flugvellinum.

Ég vissi ekki hvernig ég ætti að byrja. Hafði ætlað að hundskamma hann en nú kom ég varla upp orði. Kvöldið áður hafði ég gengið um gólf í herberginu mínu og æft mig að tala rólega. En

223 Sú/sá sem talar með smjaðurslegri rödd reynir að hljóma hlýlega án þess að meina það.

224 Að romsa einhverju upp úr sér þýðir að tala hratt og óskýrt.

nú var ég allt of stressuð. Orðin ruddust út úr mér.<sup>225</sup>

— Gætir þú sent mér myndirnar af Lindu?

— Ha?

— Þú veist alveg hvað ég er að tala um.

Þá kom löng þögn.

— Hver sagði þér frá þeim?

— Það vita allir af þeim.

— Hverjir allir?

— Skiptir ekki máli. Ég er með myndirnar, bara ekki frá þér, laug ég blákalt. — Ég þarf að fá þær frá þér.

— Ha? Hvað ertu að meina?

— Sendu mér þær bara.

— Ég skil þig ekki, hvað ertu að rugla?

— Þú skilur það betur þegar ég er búin að kæra þig til lögreglunnar.

— Hvað er í gangi? Það er ekki eins og þetta séu myndir af þér.

— Þetta er mál sem kemur öllum við.

— Hvað þykist þú geta gert?

225 Að ryðjast er það sama og að troðast, reyna að komast fram fyrir aðra.

— Til dæmis kært þig fyrir dreifingu á barnaklámi.

Aftur kom löng þögn.

— Er ekki í lagi með þig?

Ég var ekki hissa þegar hann skellti á. En það kom mér á óvart að ég skyldi þora að tala svona við hann. Ég settist skjálfandi á rúmið og grúfði andlitið í teppið frá ömmu. Þetta var ekki búíð. Ég vissi að annaðhvort myndi hann hringja aftur eða ég. Ég vonaði það yrði hann en óttaðist að það lenti á mér.

— Af hverju ertu aftur farin að gráta?

Hugrún starði undrandi á mig í gættinni.<sup>226</sup>

Aumingja stelpa hlaut að halda að stóra systir væri orðin klikkuð. Hún hafði séð mig hlæjandi í glugganum rétt áðan en nú skældi ég af skelfingu.

Augnabliki síðar birtist Auður og svo Annika á eftir henni. Hún sá strax hvernig mér leið.

— Ég var að spá í að panta pitsu handa stelpunum, svo er ég er líka aftur orðin svöng. Er það ekki bara kúl?

226 Að standa í gættinni er það sama og að standa í dyrunum.

— Jú, það er bara fínt, sagði ég þótt tvíburarnir væru búnir að borða og ættu að vera á leið í háttinn.

— Ég er aðeins upptekin, bætti ég við og reyndi að bera mig vel.

— Skil, sagði Annika. — Taktu þetta alla leið, hálfhvíslaði hún með hörkusvip.

Svo sendi hún mér fingurkoss af fjólubláum vörum.

Ég sat lengi á rúminu. Vonaðist eftir símtali en hræddist það um leið. Heigull, aumingi, asni, endurtók ég í sífellu á meðan ég gekk um gólf og vissi eiginlega ekki hvort ég ætti við mig eða hann. Mig langaði að fá mér pitsu með stelpunum. Var ég ekki búin að gera allt sem ég gat? Ég heyrði hlátur systra minna og lagði af stað niður stigann. Hikaði. Hvernig gæti ég tekið þátt í þessari gleði með góðri samvisku?

— Þá ertu sami auminginn og hann, sagði ég upphátt við sjálfa mig.

Ég sneri við, gekk ákveðin til baka og sendi honum skilaboð. Vandaði mig heilmikið og gúglaði orðalag svo ég hefði þetta rétt og

fullorðinslegt. Ég vissi að skilaboðin gætu endað hvar sem er. Ég yrði að geta staðið við allt sem ég skrifaði.

*Hæ. Ég veit ekki hvort þú dreifðir myndunum til að hefna þín eða bara til að hrella vinkonu mína, sjá hefndarklám og hrellklám á netinu. Það skiptir ekki öllu máli. Það sem þú gerðir var ómerkilegt og enginn á að komast upp með slíkt án refsingar. Hringdu í mig, annars mun ég kæra þig til lögreglunnar fyrir vörslu<sup>227</sup> og dreifingu barnakláms. Ef þú svarar ekki þá reyni ég að ná sambandi við þig í gegnum foreldra þína eða skólafyrirvöld í Verzló. Mér er full akvara og ég hef mín sambönd. Kveðja, Hrafnhildur.*

Aftur skalf ég og nötraði. Mér fannst ég vera að gera það eina rétta í stöðunni þótt ég væri að ljúga því að ég hefði myndirnar. Fljótlega hringdi síminn. Kormákur reyndi að mótmæla. Sagði að ekkert væri hægt að sanna og að ég gæti ekki kært hann, því myndirnar væru ekki af mér.

227 Að hafa eitthvað í vörslu sinni er það sama og að geyma eitthvað.

— Það er hægt að kæra alla fyrir vörslu á barnaklámi, svaraði ég ákveðin.

— Hún er ekkert barn, fáviti, sagði hann frekjulega.

— Hún er barn samkvæmt lögum, svaraði ég svo snögg og örugglega að ég kom sjálfri mér á óvart.

— Djöfull ertu mikil tík, sagði hann og ég óttaðist að hann myndi skella aftur á.

Ég flýtti mér því að segja:

— Ef þú hringdir til að kalla mig öllum illum nöfnum eða til að skella á mun ég standa við það sem ég skrifaði þér, áður en fimm mínútur eru liðnar. Ég meina það.

Við tók löng þögn. Ég þorði varla að anda.

Ég heyrði lætin í stelpunum frammi og fannst þær tilheyra öðrum veruleika. Loks sagði hann:

— Hvað viltu að ég geri?

Mér létti svo mikið að það lá við að ég þyrfti að leggjast niður. Ég sagði honum að hann þyrfti að biðja bæði mig og Lindu fyrirgefningar. Og að hann fengi tvo tíma til að segja mömmu Lindu og foreldrum sínum hvað hann hefði gert.

— Þú veist að lögreglan getur tekið símann af þér, sagði ég, — og þú ættir kannski að vita að mamma hennar Lindu er lögfræðingur.

Hann var farinn að snökta<sup>228</sup> og sagðist hafa gert þetta eftir að Linda sagði honum upp.

Hann hafi verið orðinn alveg vonlaus því Linda vildi ekki tala við hann. Eins og það réttlætti eitthvað.

— Þú ert vonlaus, sagði ég að lokum. —

Sendu mér sms þegar þú ert búinn að þessu. Bæ.

Ég sat á rúminu mínu í góða stund og trúði ekki að ég hefði þorað að gera þetta. Fannst ég vera ókunnug manneskja í eigin líkama. Leit í spegil til að vera viss um að ég væri ennþá ég.

Niðri kom ég að systurum mínum að spila við Anniku og þamba kók. Annika þurfti ekkert að vita að þær hefðu aldrei fengið gos áður. Ég myndi bara laumast með umbúðirnar í ruslunnu nágrannans. Annika gaf mér pitsu á disk og gos í glas eins og hún væri mamma mín. Hún horfði í augu mér og það var eins og hún vissi nú þegar allt.

228 Að snökta er að gráta aðeins.

— Tókst þér að negla<sup>229</sup> hann? spurði hún með eftirvæntingu.

— Ég vona það, sagði ég og beit máttleysilega í pitsusneið.

Ég var úrvinda og glörfhungruð en hresstist við að borða. Gat fjótlega notið þess að fíflast og hlæja með stelpunum. Gleði þeirra var svo yndislega smitandi.

— Þú ert svolítið mikið skrýtin, Hrafnhildur, sagði Hugrún.

— Ég veit, ég skal reyna að vera skemmtilegri.

— Annika er alltaf skemmtileg, sagði hún og horfði á hana með stjórnur í augunum.<sup>230</sup>

— Mér finnst það líka, sagði ég og brosti breitt til þeirra allra.

A því augnabliki heyrðist *píp* í símanum og orðið *Komið* birtist á símaskjánum. Ég trúði varla mínum eigin augum. Ég strauk tár af kinninni og brosti við stelpunum. Allt í einu

229 Að negla merkir hér að hanka einhvern, að láta einhvern svara til saka eða taka ábyrgð á því sem hún/hann hefur gert.

230 Að horfa á einhvern með stjórnur í augunum er að horfa á einhvern með aðdáun.

fannst mér ég geta allt og eiga allan heiminn. En þá vissi ég heldur ekki af þeim áskorunum<sup>231</sup> sem biðu mín á næstu vikum.

Eftir samtalið við Kormák reyndi ég að gleyma því sem var í gangi heima á Íslandi. Ég var næstum sannfærð um að hann hefði gert það sem ég ætlaðist til. Auðvitað hugsaði ég mikið heim en oft fannst mér allt heima á Íslandi tilheyra annarri plánetu. En hafði ég kannski gengið of langt? Hafði ég hótað honum? Ég minnti mig á að ég hafði stigið þetta skref í nafni sannleikans og það róaði mig.

Ef það kæmi í ljós að Kormákur hefði ekki staðið við orð sín myndi ég standa við hótanir mínar. Mest af öllu langaði mig til að tala við Lindu og sættast við hana en vildi ekki þrýsa meira á hana. Ég óttaðist líka afleiðingar<sup>232</sup> þess sem ég hafði gert. Hvað ef mamma Lindu kenndi henni um? Hvað ef Linda vissi að það

231 Áskoranir eru erfið verkefni sem maður verður helst að leysa.

232 Afleiðing er aukaverkun af einhverju sem maður gerir.

var ég sem hringdi í Kormák? Hafði ég farið á bak við Lindu?

Gleyma, gleyma, gleyma, endurtók ég oft í huga mér og stundum söng ég hátt til að hugsa ekki of mikið.

Næstu daga sá ég lítið til Akams. Mig langaði til að hitta hann en hafði ekki fundið hann í skotinu sínu. Ég var líka orðin stressuð út af heimadæmunum. Allir voru á fullu að leysa dæmin sín. Ég laug því að ég væri búin að leysa mín dæmi. Til að líta út fyrir að vera upptekin sat ég klesst upp við skólavegg í frímínútum og reyndi að lesa í sögubókinni.

— Þetta er nýi uppáhaldsnemandinn hans Heinz-Ottos, heyrði ég Birthe segja við Wibeke þegar þær gengu fram hjá mér.

— Eigum við að bjóða henni tyggjó? sagði þá Wibeke hlæjandi.

Ég lét sem mér væri skítsama.

Daginn áður en ég átti að skila dæmunum áttaði ég mig á öllu stressinu í kringum þessa stærðfræði. Þegar við Annika ætluðum heim til hennar eftir skóla, fá okkur pitsu og prenta út

verkefnið okkar, spurði hún hvort ég væri búin að skila dæmunum.

— Nei, svaraði ég.

— Þá færðu ekki leyfi til að taka prófið?

— Nú?

— Já, og ef þú ert ekki með meira en helminginn af dæmunum réttan, þá ertu ekki með próftökurétt, sagði hún og gretti sig<sup>233</sup> afsakandi.

— Hversu fáránlega asnalegt er það! sagði ég og fann hvernig hjartað tók kipp.

— Já, sko, ég myndi alveg leyfa þér að nota mín en það er bara enginn með alveg sömu dæmi. Hvernig pitsu viltu annars?

Hán tók símann upp úr rassvasanum.

— Æ, ég veit ekki hvort ég er neitt svöng.

Heið ég fari bara heim og klári dæmin.

Ég var undarlega reið út í Akam fyrir að hafa ekki hjálpað mér.

— Eigum við ekki samt að panta pitsu? spurði hún og horfði biðjandi á mig.

<sup>233</sup> Að gretta sig er að setja upp skrytinn svip.

- Ég held ekki, sagði ég niðurlút.<sup>234</sup>
- Við gætum líka reynt að ná í Akam, sagði Annika örhlítið hikandi.
- Til hvers? sagði ég og þóttist ekkert vita.
- Þekkest þið ekki eitthvað? spurði hún spök.
- Eiginlega ekki neitt. Er hann ekki eitthvað furðulegur?
- Hann gæti samt leyst dæmin fyrir þig.
- Í alvöru?

Annika sagði mér að Akam leysti stærðfræðidæmi fyrir fullt af krökkum en að Günther og Albert, strákar í tíunda bekk, stjórnuðu því.

— Þú borgar þeim eitthvað smá fyrir að tala við Akam. Það er ekki hægt að hringja beint í hann. Held að mamma hans banni honum að vera með síma. Hann býr svo langt í burtu að það er betra að gera þetta í gegnum strákana. Akam ætti sko að vera í skóla í sínu hverfi. Ég held að honum hafi verið strítt svo mikið að hann hafi skipt yfir í okkar skóla.

234 Að vera niðurlút/niðurlútur er að horfa niður fyrir sig.

Á meðan ég hlustaði röðuðust brotin saman. Margar spurningar vöknðu. Ég þurrkaði svita af enninu á mér. Annika fékk sér sígarettu, leit á mig og sagði:

— Alveg róleg, ef ég hringi í Günther þá getur hann reddað þessu fyrir morgundaginn.

Hún leit vongóð á mig.

Ég hafði alveg spáð í hvort hún væri hrifin af mér en vildi bara eiga hana sem vinkonu. Hafði bara ekki fundið rétta augnablikið til að segja henni það. Á þessari stundu fannst mér hún vera að reyna við mig þar sem hún strauk greiðslukortinu fram og til baka eftir kinninni á sér. En þetta var ekki rétta augnablikið til að ræða það. Fyrst varð að bjarga þessum fjandans dæmum.

— Á ég að hringja í hann og svo á pitsu?

spurði hún.

— Nei, ég held að ég biðji Tryggva um að hjálpa mér.

Síðan stóðum við lengi þöglar<sup>235</sup> á mótum hvor annarri. Annika renndi tungunni eftir brún kortsins. Ég var með ótal spurningar.

235 Að vera þöglur/þögull er að þegja, segja ekki neitt.

- Veit Herr Schneider að Akam leysir heimadæmi fyrir fullt af krökkum? Er það ekki svindl?
- Hilda, ekki verða leiðinlega fullorðin og hafa áhyggjur af öllum og öllum. Akam er svo klár að hann á eftir að standa sig þótt hann sé Kúrdi. Hann fær örugglega að fara í menntaskóla á næsta ári og það næsta sem þú veist er að hann verður orðinn tölvunarfræðingur eða einhver bla-bla-sérfræðingur og búinn að gleyma erfðri fortíð sinni. Hann mun eignast fullt af peningum. Ég vissi ekki hverju ég ætti að svara. Ólskar skoðanir okkar Anniku ýttu okkur í sundur. Ef ég veldi ekki réttu orðin einmitt núna, myndi ég kannski móðga og missa þessa nýju vinkonu. En átti ég að láta sem ekkert væri?
- Annika, þessi Günther, er það strákurinn sem við hittum niðri í bæ? Þessi sem þú varst einu sinni með?
- Já, sagði Annika lágt og beit í neðri vörina.
- Á hann vin sem er allur út í húðflúri?
- Já, hvernig veistu?

- Hún leit óttaslegin<sup>236</sup> á mig.
- Bara, sagði ég.
- Hann er algjör asni, sagði hún hvasst.
- Er hann með þeim í þessu?
- Ég veit það ekki, sagði hún. — Örugglega samt.
- En strákurinn, þessi langi sem er alltaf með þessum Günther á skólalóðinni?
- Það er Albert, hann gerir bara allt sem Günther biður um.
- Ókei, sagði ég. — Ég held að ég fari heim.
- Ég skil. Ekki hugsa samt of mikið. Þú ert, held ég, allt of góð manneskja, sagði hún blíðlega og tók þétt utan um mig. — Ég er miklu minna með þessum krökkum eftir að við fórum að hanga saman.
- Þú ræður alveg með hverjum þú ert, sagði ég og þrýsti henni að mér.
- Mér fannst að ég þyrfti að passa hana. Hún var svo lítil og mjó í fanginu á mér. Hún var líka einu manneskjan hér í Pýskalandi sem faðmaði

236 Að vera óttaslegin/óttasleginn er það sama og að vera hrædd/hræddur.

mig, fyrir utan mömmu og stelpurnar, og ég vildi ekki vera án þess.

— Já, heyrðu! Pabbi sagði að þú mættir koma með okkur í bústaðinn ef þú vilt, í haustfríinu. Þótt hann sé kannski ekkert skemmtilegasti maður í heimi þá er það alveg gaman. Kemurðu?

— Ég skal hugsa málið, sagði ég og náði að hlæja aðeins.

Hversu ótrúleg var þessi stelpa? Eina stundina var hún eins og barn sem beið eftir jólnum, þá næstu eins og reyndur stjórnmálamaður.

— Ég bið kærlega að heilsa Tryggva!

Ég heyrði hana panta sér pitsu þegar hún gekk af stað. Áhyggjufull leiddi ég hjólið af stað heim.

Akam var greinilega kúgaður.<sup>237</sup> Gat ég þá látið hann vinna frítt fyrir mig? Vorum við vinir? Ég var fúl út í hann en fann líka að hann átti sinn stað í hjarta mér. En af hverju var ég ekki tilbúin að tala um hann sem vin minn? Var eitthvað til sem hét feluvinur? Vinur sem maður þorir ekki

237 Þegar einhver er kúguð/kúgaður lætur einhver mann gera eitthvað sem maður vill ekki gera.

að sýna öðrum? Ég kæmi ekki heim með Akam án þess að fá yfir mig milljón spurningar frá mömmu. Myndi ég þora það?

Á leiðinni heim keypti ég mér stóran volgan kanilsnúð í uppáhaldsbakarínu mínu og flýtti mér með hann upp í herbergi. Ég settist á skrifborðið, reif upp helvítis stærðfræðibækurnar og skellti þeim reiðilega á borðið. Sendi skilaboð á pabba, fullt af hjörtum og myndum af dalnum. Ékk myndir af toppi Langjökuls til baka.

Langaði heim til Íslands en samt ekki. Teygði mig letilega í bókina og kom þá auga á tvö blöð sem héngu saman á bréfaklemmu. Á klemmunnni hékk líka lítið súkkulaðistykki. Á gulum miða stóð: *Þú manst að skrifa þetta allt sjálf upp aftur, ég teiknaði þetta upp á 34 stig. Kveðja, Akam.*

spurði ég Tryggva hvort hann vissi hvað Kúrdistan væri. Mamma horfði áhyggjufull á mig, stóð upp og fór með stelpunum inn í stofu til að lesa fyrir þær.

— Er Kúrdistan land?

— Ja, sagði Tryggvi, það er eiginlega landsvæði sem Kúrdar hafa búið á og er núna skipt á milli Sírlands, Írans, Íraks og Tyrklands. Þeir fá ekki að hafa það í friði fyrir ofsóknum.<sup>238</sup> En Kúrdar hafa líka varið sig með ofbeldi, Hrafnhildur mín. Þetta er ekki einfalt mál. Ég þekki þetta bara ekki nógu vel. En af hverju ertu að spá í þetta?

— Æ, bara, það er sko strákur í skólanum sem heitir Akam og er Kúrði, eða sko, hann sagðist vera frá Kúrdistan. Ég fór bara að spá í þetta þess vegna.

Þegar ég kom inn í stofu sat mamma í sófanum og starði á mig með áhyggjusvip. — Gengur ekki allt vel í skólanum? spurði hún.

<sup>238</sup> Að ofsækja einhvern þýðir að ráðast að einhverjum með ýmsum aðferðum, aftur og aftur.

Ég lagði miðann að hjarta mér, lokaði augunum og andaði svakalega djúpt. Með blöðin þétt upp að mér, dansaði ég um herbergið og söng.

Ég lagði súkkulaðið í efstu skúffuna í skrifborðinu mínu þar sem ég geymdi mína persónulegustu hluti eins og gamlar myndir, afmælskort frá Lindu og bréf frá pabba. Ég lagðist á rúmið og starði upp í loft. Ég lofaði sjálfri mér að ég myndi borga Akam einhvern tímann seinna þennan stóra greiða. Með blöðin í fanginu sofnaði ég með bros á vör.

Mamma vakti mig blíðlega um kvöldmatarleytið. Hún hafði eldað uppáhaldsmatinn minn í fyrsta sinn eftir að við komum hingað út, kjöt í karrí. Við matarborðið fannst mér við vera venjuleg fjölskylda og ég sagði þeim meira en oft áður frá skólanum. Þegar við vorum búin að borða

- Jú, mjög vel. Ég á bara eftir að hreinskrifa dæmi sem ég var að reikna með þessum Akam, sagði ég og brosti glaðlega. — Svo er ég að vinna að verkefni um Katrínu Jakobsdóttur og Angelu Merkel, bera þær saman og svona.
- Valdir þú sjálf að fjalla um þær? spurði Tryggvi.
- Nei, það var kennarinn minn. Mamma hefur hitt hann.
- Ég hefði nú valið einhverja aðra stjórnámamenn, sagði hann. — Þeir eru níu margir klárari en Katrín. Hún veit of lítið um peninga.
- Hún er samt klár, til dæmis í jafnréttismálum.<sup>239</sup>
- Sjálfsagt, svaraði Tryggvi.
- Pabbi filar hana, amma líka, sagði ég.
- Ég veit allt um það, sagði mamma og andvarpaði. — En hver er þessi Akam?
- Vinur minn.

239 Jafnréttismál fjalla um það að fólk hafi jafnan rétti, ekki síst að konur hafi jafnan rétt og karlar.

Um leið og ég sagði *vinur minn* fór um mig hlýr straumur en líka stolt. Ég óttaðist viðbrögð<sup>240</sup> mömmu svo ég bætti við: — Þú hittir hann kannski seinna, hann er sko rosalega góður í stærðfræði.

Ég gat ekki betur séð en að mamma væri fegin. Kannski hélt hún að ég væri komin með músímskan-kærasta eða kannski var hún bara ánægð með að ég svaraði eins og manneskja. Ég hljóp upp stigann áður en ég fengi fleiri spurningar. Mig langaði til að vita meira um Akam og ég hlakkaði til að leita mér upplýsinga um Kúrdístan.

Þetta kvöld sat ég lengi við tölvuna og eftir á fannst mér ég skilja heiminn örlítið betur. Ég hafði gúglað allt sem ég mögulega gat um Kúrda. Þetta kvöld fékk ég líka hugmynd. Hugmynd sem ég hefði einhvern tímann verið mjög hrædd við. En í þetta sinn varð hún að alvarlegri hugsun. Skynsemin sagði henni að fara, hugrekið og forvitnin sögðu henni að

240 Orðið viðbrögð segir til um það hvernig maður sýnir tilfinningar sínar í tali, svipbrögðum og hreyfingum þegar maður heyrir, sér eða skynjar eitthvað.

koma. Ég yrði að fylgja hjartanu. Gerðu þetta, Hrafnhildur!

Í kringum miðnætti kláraði ég að skrifa upp heimadæmin. Síðan læddist ég mjög þreytt niður í eldhús og skrifaði:

*Elsku mamma.*

*Ég varð að fara snemma til að prenta út dæmin. Eftir skóla ætlum við Annika að vinna að verkefnum um Katrínu og Merkel. Kem seint heim.*

*Habbý*

Ekkert af þessu var satt en ég fann samt ekki fyrir neinu samviskubiti.<sup>241</sup> Þessi erfiðu skref yrði ég að stíga.

Eldsnemma næsta morgun læddist ég út með gula régnkápu og silkislæðu af mömmu í bakpokanum. Mér leið vel og ég hlakkaði til verkefnisins sem beið mín í lok skóladags. Í fyrsta sinn á ævinni fannst mér ég vera höfundur að eigin lífi en ekki aukapersóna í lífi annarra. Ég hélt brosandí af stað á hjólinu hennar mömmu. Heimurinn var minn.

Í skólanum tók ég varla eftir því sem gerðist í kringum mig og rétt mundi eftir að skila heimadæmunum. Herr Schneider varð svolítið undrandi þegar ég lagði þau á borðið hjá honum. Við hann náði ég annars engu sambandi og mér sýndist fleiri en ég skilja sama sem ekki néttu í stærðfræði. Reiknaði Akam kannski dæmin fyrir þau líka?

Það sem ég hafði lesið um Kúrda á netinu olli mér áhyggjum. Ég gat ekki annað en borið

<sup>241</sup> Þegar maður fær samviskubít líður manni illa yfir einhverju sem maður hefur sagt eða gert.

saman líf okkar Akams. Eftir því sem ég komst næst höfðu Kúrdar þurft að berjast fyrir réttindum sínum í meira en heila öld. Kannski var ég ekki hlutlaus<sup>242</sup> en ég gat ekki betur skilið en að Kúrdar hefðu þurft að þola hræðilegar ofsóknir<sup>243</sup> og ofbeldi.

Nú vissi ég að Kúrdistan væri landsvæði í fjallahéruðum fjögurra landa, Tyrklands, Írans, Íraks og Sírlands. Að Kúrdar vildu lífa sjálfstæðir í sínu landi en að stjórnvöld hinna landanna væru því ekki sammála og átök<sup>244</sup> hefðu því brotist út.<sup>245</sup> Milljónir Kúrda höfðu orðið að flýja til ýmissa landa í Evrópu.

Hversu ólík var staða okkar Akams? Á Íslandi bjó heil þjóð án þess að þurfa að berjast fyrir daglegu frelsi. Ég var ein af þessum heppnu og var í Þýskalandi af frjálsum vilja, þannig lagað. En Akam hafði orðið að flýja hingað af því að

242 Að vera hlutlaus er að taka ekki afstöðu með eða á móti einhverju.

243 Að þola ofsóknir er að verða fyrir endurteknum og skipulögðum átásam.

244 Átök eru slagsmál og bardagar, t. d. í stríði.

245 Að eitthvað brjótist út þýðir að það byrji, oft með ofsa. Stríð brýst til dæmis út vegna ágreinings milli hópa eða þjóða.

hann hafði ekki getað lifað frjáls í sínu eigin heimalandi.

Í fyrstu frímínútunum fylgdist ég með Akam á meðan ég stóð við hlið Anniku á skólalóðinni. Um leið og hann kom út fór þessi Günther að tala við hann og mér sýndist þeir rifast. Günther lagði höndina á öxlina á Akam og svo á kollinn á honum en Akam starði.allan tímann ofan í malbikið. Langi sláninn, þessi Albert, stóð rétt hjá. Hann horfði í kringum sig, eins og hans hlutverk væri að vakta svæðið. Að lokum tókust Günther og Akam í hendur og Akam fór í skotið sitt. Mig langaði til að elta hann en ákvað að halda mig við áætlunina. Mest langaði mig til að ganga til hans og gefa honum eitthvað, þakka honum fyrir hjálpina með dæmin. En ég vissi að skólalóðin væri alls ekki staðurinn fyrir svoleiðis tilfinningasemi.<sup>246</sup>

— Kemur þú með? heyrði ég þá Anniku segja og hafði ekki hugmynd um hvað hún var að spyrja um.

246 Tilfinningasemi er orð sem lýsir því þegar fólk sýnir miklar tilfinningar og viðkvæmni.

- Ha?
- Niður í bæ eftir skóla að fá okkur hamborgara eða eitthvað? Kíkja í búdir.
- Æ, nei, ég þarf að gera svólítið.
- Hvað?
- Bara svólítið með mömmu, svaraði ég. Það kom mér á óvart hversu hiklaust ég gat logið.

— Ókei, sagði Annika vonsvikin.<sup>247</sup>

Fyrir utan sögutímana voru bestu stundirnar í skólanum smíðar. Smíðakennarinn, Herr Bechtold, var mjög þolinmóður eldri maður með yfirvaraskegg. Það var eins og allir nemendur smítuðust af ró hans. Ég líka. Stofan var rosalega flott og full af alls konar tækjum og verkfærum.

Hugmyndir hans að verkefnum voru endalausar. Í þessum tímum smíðaði ég jólagjöf handa pabba sem var útskorið fjall. Hægt var að toga í spotta svo upp úr því risi eldgos.

Í fyrsta tímanum reyndi ég á virkilega lélegri þýsku að útskýra fyrir Herr Bechtold hvað ég

247 Maður verður vonsvikin/vonsvikinn þegar eitthvað fer ekki eins og maður hafði vonast til.

ætlaði að búa til. Herr Bechtold skildi ekki hvað ég var að meina og það var vonlaust að tala ensku við hann. Það var ekki fyrr en ég fór að leika eldfjall sem hann skildi það. Ég hafði ekki fattað að nöta orðið „Vulkan“, heldur sagði ég aftur og aftur orðið „Eyjafjallajökull“ sem Herr Bechtold reyndi að endurtaka með mjög lélegum árangri. Á endanum var næstum allur bekkurinn farinn að hlæja að okkur báðum. Fyrst varð ég rosalega vandræðaleg en fór svo bara líka að hlæja, aðallega út af því að Herr Bechtold er með mjög smitandi hlátur. Á meðan ég leitaði að tréperlu rifjaði ég upp það sem ég hafði lesið kvöldið áður.

Gat það verið rétt að Kúrdum væri bannað að tala móðurmál sitt? Að þeir mættu ekki stofna eigin fyrirtæki? Að þeir yrðu að taka upp arabísk nöfn og jafnvel játa íslamska trú þótt þeir vildu það ekki? Ég hafði lesið um það hvernig sýrlensk yfirvöld heftu frelsi Kúrda með því að svíkja út úr þeim skilríki þeirra. Eftir það komust þeir ekki úr landi.

Hvað ef einhver myndi banna Íslendingum að tala íslensku? Hvað ef mér yrði bannað að heita

Hrafnhildur? Hvað ef ég væri hrædd við að vera ég sjálf og segja hvaðan ég kæmi?

— Að hverju ertu að leita, Íslendingur? spurði Herr Bechtold þar sem ég stóð yfir perlunum.

— Æ, bara perlu til að hengja neðst í þráðinn sem togar eldgosíð upp.

— Þá þarftu minni perlu. Þær eru hér, sagði hann og opnaði aðra skúffu. — Hérna er svo málning, sagði hann og opnaði skúffu sem var full af litum.

Ég valdi eina og reyndi að einbeita mér að því sem ég ætlaði að gera í lok skóladagsins.

Strax eftir skóla faldi ég mig í garði, beint á móti skólabyggingunni. Hjartað sló allt of hratt.

Þegar ég hafði beðið í hálf tíma langaði mig að hætta við allt saman. En þá sá ég hann. Fyrst ætlaði ég að æða af stað en minnti sjálfa mig á að halda ró minni. Nú fannst mér asnalegt að vera í gulri regnkápu af mömmu. Af hverju hafði ég ekki valið eitthvað svart sem enginn tæki eftir? Um leið og Akam hvarf fyrir næsta horn elti ég hann, skjálfandi á beinunum.

Þótt ég hefði búið í Þýskalandi í næstum tvo mánuði þekkti ég lítið annað en hverfið okkar og leiðina í skólann og heim. Ég rataði heim til Anniku og niður í bæ en þar með var allt upptalið. Ég þurfti því ekki annað en að elta Akam í fimm mínútur til að finna út að ég myndi villast ef ég ætti sjálf að ganga til baka án hjálpar símans. Akam gekk burt frá miðbænum og

fljótlega vorum við komin í úthverfi<sup>248</sup> sem ég kannaðist ekkert við. Akam leit aldrei til baka og miðað við hvað hann er lágvaxinn og stuttfættur gekk hann mjög hratt. Ég þurfti næstum því að hlaupta til að fylgja honum og brá þegar ég sá að hann stefndi á lestarstöð rétt fyrir utan bæinn. Nú væri best að snúa við.

Í gegnum limgerði við brautarpallinn fylgdist ég með honum. Hann leit á úrið sitt og þurkaði svita af enninu. Ég læddist nær. Á sama augna- blikki ískruðu hemlar<sup>249</sup> lestarinnar, stálhurðir renndust til hliðar og Akam steig um borð. Ég gæti alltaf elt hann seinna. En þá flautaði brautarvörðurinn og áður en ég vissi af hafði ég laumað mér inn í aftasta vagninn. Hjartað hamaðist í brjósti mér og svitadroparnir runnu niður eftir bakinu. Ég hélt niðri í mér andanum og leit í kringum mig um leið og lestin mjakaðist<sup>250</sup> letilega af stað.

248 Úthverfi er hluti bæjar eða borgar sem er ekki nálægt miðju þeirra.

249 Hemlar eru það sama og bremsur, búnaður sem lætur farartæki hægja á sér og nema staðar.

250 Að mjakast af stað er það sama og að leggja mjög hægt og rólega af stað.

Líklega var ég tveimur vögnum frá Akam svo ég yrði að færa mig fram til að missa ekki af honum. Hvað ef hann kæmi auga á mig? Þú verður að taka sénsinn, sagði ég við sjálfa mig. Ég skimaði<sup>251</sup> eftir Akam í næsta vagni en sá hann ekki. Tók þá fram slæðuna hennar mömmu, vafði henni vandlega um hálsinn og togaði upp fyrir nef og setti svo á mig hettuna.

Hvað í ósköpunum þykist þú vera að gera, Hrafnhildur? Mér fannst ég vera að kafna. Ég stóð á fætur og hélt áfram að næsta vagni. Lestin var komin á fleygiferð. Um leið og rennihurðin opnaðist kom ég auga á hann. Hann sneri í mig baki og grúfði sig yfir<sup>252</sup> bók. Ég settist nokkrum sætaröðum fyrir aftan hann og reyndi að slaka á. Hvar í andskotanum var ég? Öðru hverju gægðist ég fram fyrir sætið til að athuga hvort Akam væri viðbúinn því að standa upp en hann sat bara og las.

Þegar lestin hafði komið við á tveimur stöðvum var ég orðin mjög óróleg. Ég gægðist aftur fram og

251 Að skima eftir einhverjum þýðir að reyna að koma auga á einhvern.

252 Að grúfa sig yfir eitthvað er það sama og að beygja sig yfir eitthvað.

kom þá auga á lestarvörðinn. Ég var með kort sem gildi í sporvagna en ekki í lestir. Þegar lestarstjórinn kæmi og bæði mig um miða myndi Akam uppgötva að ég væri hérna. Hann myndi þekkja röddina og stamandi þýskuna. Löðursveitt<sup>253</sup> stóð ég upp og gekk að enda lestarinnar. Allan tímann fannst mér einhver vera að elta mig.

Þegar ég loks komst í aftasta vagninn klessti ég mér upp að dyrunum og óskaði þess að lestin stöðvaðist sem fyrst. Um leið og dyrnar opnuðust þaut ég út í frelsið. Aldrei aftur skyldi ég láta mér detta til hugar að elta Akam. Og hvar í ósköpunum var ég? Allt um kring voru himinhá tré og eina sjáanlega húsið var lítil lestarstöð sem ég gekk í áttina að. Fljótlega kom ég auga á Akam þar sem hann gekk fyrir framan mig, enn lesandi. Hjartað tók kipp. Ég reyndi að herða mig upp. Eigðu þig bara, Akam, þú ert bara einhver sem ég myndi ekki einu sinni þekkja ef ég hefði ekki flutt til þessa glataða<sup>254</sup> lands. Ég stakk regnkápunni í bakpokann og

253 Að vera löðursveitt/löðursveittur er að vera mjög sveitt/sveittur.

254 Glatað er týnt, hér þýðir það ómurlegt eða vonlaust.

setti á mig húfuna. Bráðum sæti ég í gluggakistunni minni og gæti hringt í Anníku eða þabba. Þá sá ég Akam nálgast þröng undirgöng. Ör vísaði leiðina út, önnur vísaði í áttina heim. Þegar Akam beygði snögglega í áttina að útganginum sá ég sárið og þungan svip hans. Það var nóg. Ég elti hann.

Milli trjágreina sá ég Akam nálgast og heyrði hann tala við einhvern. Akam ýtti á undan sér hjólastól og í honum sat lítill stúlka sem var með svart sítt hár og ótrúlega lík honum. Líklega var þetta systir hans og sennilega á sama aldri og systur mínar.

Ég horfði á eftir þeim leggja af stað í aðra átt. Með systur sinni var Akam ekki sá sem ég þekkti. Hann fékk systur sína til að hlæja með því að vera sjálfur með fíflalæti<sup>256</sup>. Ég gekk á eftir þeim. Eftir smástund heyrði ég þau syngja á tungumáli sem ég ímyndaði mér að væri kúrdíska. Mig langaði ekkert frekar en að hlaupa upp að þeim og játa fáránlega eftirför<sup>257</sup> mína. En hvernig gæti ég útskýrt hana þegar ég skildi hana ekki sjálf?

Eftir langa göngu í skóginum tóku himinháar byggingar á mót okkur. Skuggar þeirra teygðu sig langt út á götuna. Mjúkur malarstígurinn varð að steingrárri steypu. Mér leið eins og ég

256 Fíflalæti er þegar einhver reynir að vera fyndinn og skemmtilegur með því að láta skringilega.

257 Eftirför er þegar maður eltir einhvern án þess að hún/hann viti af því.

Eftir stutta göngu komum við að malarvegi. Akam beygði inn á mjóan stíg sem lá að fallegu húsi og stórum garði þar sem var fullt af leiktækjum. Ég dáðist að umhverfinu, fallegum trjám og húsum sem minntu á ævintýri Hans og Grétu.

Ég ákvað að fela mig í skóginum með húfuna á höfðinu og klútinn í buxnavasanum. Þetta var greinilega leikskóli. Barnalegt skraut hékk í gluggunum og í garðinum stóð heimasníðaður kofi eins og mig hafði alltaf langað til að eignast.

Ég reyndi að slaka á í litlu rjóðri<sup>255</sup>. Þungur hurðaskellur vakti mig harkalega upp og hjartað tók kipp. Ég skutlaði bakpokanum á mig og skreið eins og stíður skógarbjörn nær húsinu.

255 Rjóður er lítill staður á milli trjáa þar sem sól nær að skína og hægt er að leggjast niður.

hefði gengið frá einni veröld í aðra og ég fékk gæsahúð.<sup>258</sup>

Systkinin stoppuðu við eina af háu byggingunum þar sem Akam hringdi bjöllu. Á gluggunum stóð „Catering“. Eftir smástund birtist unglæg kona með skrautlegan höfuðklút. Hún faðmaði Akam að sér, strauk stúlkunni um kollinn og kyssti hana á ennið. Þá teygði hún sig eftir teppi undir hjólastólnum og breiddi vandlega yfir stelpuna. Þau kvöddust og héldu áfram að leikvelli sem var milli tveggja hárra fjölbýlishúsa. Geislar sólarinnar smeygðu sér milli húsanna og skinu á börn sem grétu, hlógu og æptu. Akam lyfti systur sinni upp úr stólnum og setti hana ofur varlega niður í sandkassa. Þá sótti hann teppið og setti það við bakið á henni. Sjálfur settist hann niður, tók upp hvít blöð og byrjaði að reikna.

Á meðan sat ég með kökk í hálsinum á bekk undir stóru tré við enda leiksvæðisins. Sólin náði

258 Gæsahúð er þegar hárin rísa á manni, t.d. á handleggjunum.

að teygja sig til mín og ég leyfði henni að veiða úr mér kaldan hrollinn.

Mér sýndist flestir íbúar í hverfinu vera innflytjendur. Fólkið var flest dökkt og lágvaxnara en nágrannar mínir í finu götunni hennar mómmu. Flestar konurnar voru með klút á höfðinu. Sumir af þeim sem gengu hjá sendu mér undrunarsvip. Aðrir þóttust ekki sjá mig. Akam leit öðru hverju upp. Hann þurrkaði sand framan úr systur sinni, klappaði fyrir henni eða reisti hana betur upp. Alltaf brosti hún fallega til hans þegar hann veitti henni athygli.<sup>259</sup> Mig langaði til að setjast í sandkassann, leika við þessa litlu fallegu stelpu og spjalla við Akam. Það var svo margt sem mig langaði til að vita um hann. Höfðu fleiri í fjölskyldunni hans komið hingað og af hverju var systir hans í hjólastól?

Ég reif húfuna af mér, hallaði höfðinu og lokaði augunum. Var ekki kominn tími til að fara heim? Þegar ég opnaði augun aftur og teygði mig í

259 Að veita einhverjum athygli er það sama og að fylgjast með einhverjum af áhuga.

húfuna fraus ég. Akam var staðinn upp, systir hans var hætt að leika sér og horfði skíthreidd á það sama og ég.

Við hlið Akams stóðu Günther og stera-gaurinn<sup>260</sup> Thomas.

Günther sagði eitthvað við Akam sem hristi höfuðið. Thomas færði sig nær Akam og sagði eitthvað frekjulega við hann. Systir Akams var farin að gráta og þegar Günther beygði sig niður að henni öskraði hún svo hátt að ópin skáru mig að innan. Akam sagði eitthvað við systur sína. Á næsta augnabliki voru Thomas og Akam farnir að rífast. Litla systirin æpti enn hærra. Þá tók Günther sér stöðu þétt upp við Akam með vísifingur á lofti svo Akam steig eitt skref aftur á bak. Stúlkan hristist nú til í ekka með hökuna niðri á bringu.

Mér leið eins og einhver hefði skorið mig í tvennt. Tvær raddir töluðu til mín, önnur sagði mér að flýja, hin sagði mér að ganga ákveðin til þeirra og hjálpa Akam og systur hans. En

260 Steragaur er orð sem notað er um mjög vöðvastelta einstaklinga, massaþar manneskjur sem kannski taka steralyf til að stækka vöðvana.

hvernig? Á leikvellingum voru nokkrar fullorðnar konur með börnin sín en engin þeirra virtist vilja skipta sér af þessu. Kannski gæti ég ekki hjálpað Akam en mig langaði til að hugga systur hans. Fara með hana burt úr þessum hræðilegu aðstæðum.

Ég fann fyrir algjörrri uppgjöf og greip báðum höndum um höfuð mér. Forðaðu þér, Hrafnhildur, sagði ég við sjálfa mig. Ég teygði mig gætilega í slæðuna í vasanum, vafði henni nokkra hringi um aðra höndina á mér. Ég var föst í eigin gildru.

Þegar ég beygði mig niður til að sjá einu sinni enn hvað væri í gangi spenntist ég öll upp. Thomas var sestur við hlið stúlkunnar með skóflu í hönd. Örugglega til að reyna að hugga hana. Günther reyndi að tala Akam til. Það var fátallegt að sjá Thomas í sandkassanum með öll sín tattú á vöðva-stæltum handleggjunum. En þarna var hann. Enn verra var að hann hafði séð mig og starði á mig eins og hann hefði séð gíraffa sitja á bekk undir trénu. Um leið og hann gerði tilraun til að rísa á fætur, hræðilega grimmur á svip, greip ég bakpokann minn og þaut af stað eins hratt og ég gat.

Fram hjá mér þutu ávextir, grænmeti, túlípanar, börn, kerrur, hjól og veggjakrot. Manneskjur sem mér fannst ætla að stöðva mig, undrandi eða ásakandi.<sup>261</sup> Ég bara hljóp og hljóp þar til ég stóð á öndinni með beiskt blóðbragð í munninum við litla matvöruverslun. Móð og hrædd laumaði ég mér inn fyrir. Dökkleitur maður með mikið og sítt skegg sat við lítið afgreiðsluborð. Í búðinni voru hillur með mat sem náðu frá gólfi og upp í loft. Ég var hrædd um að allt myndi hrynja yfir okkur. Mér fannst ég vera að kafna þegar ég andaði að mér sterkum kryddilminum. Svo byrjaði ég allt í einu að hristast og skjálfa, tennurnar glömrðuðu í mér og ég kom ekki upp einu orði. Maðurinn horfði hissa á mig. Þá stóð hann rólega upp, gekk út að

261 Ef einhver er ásakandi er sú/sá að segja með orðum og svipbrigðum að manneskjan sem talað er til hafi gert eitthvað rangt.

dýrum búðarinnar og kíkti til beggja átta. Hann lokaði dyrunum, sneiri lykli í skránni, dró hengi fyrir hurðina og spurði:

— *Was ist passiert, armes Mädchen?*

— Ekkert, sagði ég skjálfandi og hristi höfuðið.

— *Polizei?* spurði hann og horfði beint í augu mín.

— *Nein*, stundi ég.

— *Das ist aber gut*; sagði hann og hvarf bak við líríka gardínu. Eftir stutta stund kom hann með rjúkandi bolla og rétti mér.

— Drekktu þetta, telpa mín.

Hann dró stólinn sinn fram og benti mér vingjárnlega að fá mér sæti. Ég gegndi og reyndi að átta mig á stöðunni. Heimili mitt tilheyrði á þessari stundu annarri plánetu.<sup>262</sup> Mamma myndi aldrei stíga fæti inn í búð eins og þessa. Ég hafði stundum beðið hana um að kaupa eitthvað í svona búðum en hún sagði alltaf að hún nennti ekki inn á svona sóðalega staði.

Hvað myndi hún segja ef hún vissi hvar ég væri? Það var ekki séns fyrir mig að hringja í

262 Pláneta er hnöttur á himni, eins og t.d. Jörðin og Júpíter.

mömmu og biðja um hjálp. Ætti ég kannski að hringja í Anníku? Föðurleg og ákveðin rödd kallaði mig aftur að raunveruleikanum.

— Taktu nú einn sopa, telpa, sagði hann og hallaði sér hugsi upp að afgreiðsluborðinu með krosslagðar hendur. — Þetta er myntute frá Írak, ekkert eitur, bætti hann við og glótti pínulítið.

— Takk, sagði ég og renndi niður fyrsta sapanum af hunangsmjúkum vökva.

Það var ótrúlegt hvað einn sopi gat bætt líðan mína. Þá rétti hann mér ilmandi brauðbollu og virti mig áhyggjufullur fyrir sér. Ég beið eftir að hann segði eitthvað um hárið á mér og spyrði hvern ég væri að flýja. En hann gerði það ekki og ég fann að á meðan ég sæti hér myndi enginn gera mér neitt illt.

— Þú hefur miklar áhyggjur, sagði hann.

— Of miklar áhyggjur.

— Kannski, sagði ég og horfði ofan í tóman bollann.

— Þungt hjarta, sagði hann og lagði hönd á hjarta sér.

— Kannski.

Þá sá ég að úti var farið að dimma svo ég stóð á fætur.

— Getur þú sagt mér hvar lestarstöðin er?

— Hvert ætlar þú?

— Í átt til Trier.

— Ein?

— Já, sagði ég niðurlút.

Hann horfði hugsi á mig, hvarf svo bak við tjaldið og kom til baka með stelpu, sem leit út fyrir að vera svona tuttugu ára. Hún var klædd í gallabuxur og hettupeysu en litríkur klútur var bundinn um hár hennar. Hún brosti feimnislega til mín.

— Þetta er dóttir mín, Ase. Hún fylgir þér.

— Það er algjör óþarfi, það er nóg fyrir mig að víta hvar lestarstöðin er, sagði ég og hafði vit á að taka upp símann.

Ég skammaðist mín.

— Hún fylgir þér.

Hann talaði hratt og ákveðið á meðan stelpan kinkaði kalli. Ég þakkaði fyrir mig og horfði hikandi út í myrkrið. Áður en við lögðum af stað spurði hann:

- Hvaðan ertu? Frá hvaða landi?  
 — Íslandi, sagði ég og fannst röddin ætla að bresta.<sup>263</sup>  
 Nú fann ég hvað mig langaði mikið heim.  
 — Ah! sagði hann. — Það er fallett land. Nóg af vatni, jöklum og fossum. Ég á vin frá Íslandi, bætti hann brosandi við.  
 — Nú, hvern? spurði ég hissa.  
 — Þig, sagði hann hlæjandi. — Þig.

Það var farið að kólna og fátt fólk á ferðinni þegar ég kom út. Klukkan var að verða sjö. Ef allt gengi vel yrði ég komin heim um áttaleytið. Um leið og við stigum út á götuna varð ég hrædd um að Thomas og Günther birtust og réðust á mig. Hárið á mér stóð út í allar áttir og nú uppgötvaði ég að ég hafði týnt húfunni minni á hlaupunum. Mér fannst allir glápa á mig. Ég herti mig upp og bað Ase um að binda slæðuna hennar mömmu um höfuðið á mér.  
 — Reyndu að láta ekki sjást í hárið, sagði ég.

<sup>263</sup> Þegar rödd manneskju brestur er hún ekki jafn skýr vegna viðkvæmni, tilfinningasemi sem kemur fram í röddinni.

Hún batt sínu Boss-slæðuna hennar mömmu fast en þægilega um höfuðið á mér. Svo tók hún mynd á símann og sýndi mér. Ég var næstum óþekktanleg og mér stórlétti.

Þegar ég ætlaði að kveðja Ase á lestarstöðinni hrísti hún höfuðið.  
 — Pabbi sagði mér að fylgja þér alla leiðina heim.

— Það er of langt, sagði ég.

— Ég lofaði honum því, sagði hún ákveðin.

Ég fann hjólið á sínum stað. Þegar ég ætlaði að stökkva á það og kveðja sagði Ase aftur ákveðinni röddu að hún ætlaði að fylgja mér alla leið.

— Ég lofaði pabba því, endurtók hún.

Við létum Google Maps vísa okkur alla leiðina heim en þá tók ég af mér slæðuna.

— Þessi fallega slæða klæðir þig mjög vel, sagði hún brosandi.

— Viltu eiga hana? svaraði ég án þess að hugsa mig um.

— Nei, ég var alls ekki að meina það þannig.

— Gerðu það, taktu hana. Mamma ... eða, já, við eigum svo margar.

Hún tók brosandí við henni og sagði:

— Ég gef þér aðra í staðinn einhvern tímánn seinna.

— Það er óþarfi.

— Þú ættir að þurrka aðeins maskarann framan úr þér ef þú vilt ekki að fjölskyldan sjái að þú hafir verið að gráta, sagði hún og rétti mér þurrku.

— Takk, sagði ég. — Ég kem einhvern tímánn aftur í búðina ef ég má og þakka ykkur betur fyrir. — Þú mátt alltaf koma í búðina, sagði hún og hló. — Hvað heitir þú annars á snappinu?

Á meðan við spjölluðum saman sá ég að flísatangarmaðurinn sat fyrir framan húsið sitt og fylgdist með okkur. Ég vissi að ekkert færi fram hjá honum. En ég vonaði að mamma og Tryggvi tækju ekki eftir því að stúlkan sem kom heim væri stærri og önnur en sú sem fór að heiman um morguninn.

Um leið og ég kom inn um dyrnar fann ég hvað ég var þreytt. Mig langaði mest til að leggjast niður í forstofunni og sofna. Þegar ég hengdi regnkápuhá gætilega á snagann heyrði ég að mamma og Tryggvi voru að tala saman. Ég spennist upp. Hafði Annika kannski komið við eða hringt? Ég hallaði enninu að forstofu-hurðinni. Nú yrði ég að ganga inn og láta sem allt væri í lagi. Mamma var að tala um einhverja tónleika og ferðalag til Kaupmannahafnar.

— Ég hef svolitlar áhyggjur af því hvernig Hrafnhildur tæki því ef ég færi, sagði mamma.

— Það verður allt í lagi, sagði Tryggvi.

— Æ, ég veit það ekki. Það er erfitt að vita hvar maður hefur hana þessa dagana.

— Hún er að reyna sitt besta, elskan.

— Sjálfsgagt, sagði mamma og andvarpaði.

— Hvernig í ósköpunum á ég að nálgast þetta

barn? Ýmist er hún tveimur skrefum á eftir mér eða einu á undan.

— Hún stendur sig vel, sagði Tryggvi hughreystandi. — Hún hefur náð góðum tókum á þýskunni. Annað en við.

— *Was meinen Sie?* sagði mamma og svo fóru þau bæði að hlæja.

— Æ, svo veit ég ekki alveg hvernig mér líst á þessa Anniku, bætti mamma við og var aftur orðin mæðuleg. — Fannst þér ekki vera reykingalykt af henni?

— Anniku? sagði Tryggvi hissa. — Þetta er eldklár stelpa. Hafðu ekki áhyggjur af þeim félagsskap.

— Þú sérð nú samt hvernig hún klæðir sig. Hvað er hún eiginlega með marga hringi í eyrunum?

— Er það ekki aukaatriði?

— En hvað ef þessi stelpa er í eiturlyfjum?

— Það tel ég ólíklegt.

— Vonandi hefurðu rétt fyrir þér, sagði mamma og dæsti.

— Dríðu þig bara til Köben með stelpunum á tónleikana, það er engin ástæða til að fara ekki.

Ég get alltaf verið með pylsur í matinn, nóg er úrvalið, sagði hann og hló.

— Slepptu að minnsta kosti brauðinu, sagði mamma og bætti svo við: — Hrafnhildur hefur örugglega lést um þrjú kíló síðan við komum hingað út.

Mig langaði að segja mömmu að skipta sér ekki af því hvernig ég liti út en sagði þess í stað bara *hæ* þegar ég gekk ían.

— Nei, hæ vinan, ertu komin? Sestu aðeins hérna hjá okkur, sagði Tryggvi og færði sig til í sófanum. — Mamma þín er að hugsa um að fara bráðum til Kaupmannahafnar og hitta Þórhildi og fleiri vinkonur sínar. Hvernig líst þér á það?

— Bara vel, sagði ég og beið eftir að komast upp í herbergi. Mér fannst standa framan á mér að ég hefði verið á flötta og gengið eins og múslimi um hverfið mitt.

Á venjulegum degi hefði ég mótmælt þessu en nú hafði ég ekki orku til þess. Ég meina, hvaða álag<sup>264</sup> hafði verið á henni? Hún hafði varla reynt að læra þýsku eða þurft að byrja í

<sup>264</sup> Að vera undir álagi er að hafa of mikið að gera.

nýjum skóla. Hún hafði bara þurft að sjá um okkur stelpurnar, kaupa ný húsgögn og hugsa um heimilið. Nú horfði ég á þau eins og leikendur í lífi sem mér fannst ég varla tilheyrast lengur.

— Hvernig gekk annars með verkefnið? spurði mamma.

— Bara vel.

— Ertu búin að borða?

— Já, hjá Anniku.

— Hvað fékkstu?

— Bara alls konar.

— Alls konar hvað?

— Bara alls konar grænmeti og svoleiðis.

— Var pabbi hennar heima?

— Nei.

— Hvar var hann?

— Örugglega að vinna.

— Hvernig læknir er hann?

— Ég hef ekki spurt. Hvaða máli skiptir það?

— Hrafnhildur mín, sagði mamma blíðlega en samt óþægilega alvarlega. — Heldur þú nokkuð að Annika sé í óreglu?

— Og pabbi hennar gefi henni læknaðóp?

Varstu að spá í það?

— Hvaða bull er þetta? Það sagði ég aldrei.

— Hvað meinarðu þá?

— Heldurðu að hún noti eiturlyf?

— Af hverju ætti ég að halda það?

— Ég bara spyr, sagði mamma. — Hefurðu

eitthvað orðið vör við það?

— Spurðu hana bara sjálf.

Svo notaði ég tækifærið og sagði henni að

Annika væri búin að bjóða mér í haustfríinu í sumarbústaðinn þeirra. Nú gæti mamma ekki neitað mér. Tryggvi sagði strax já, mamma líka eftir smástund.

— Hrafnhildur mín, ég er ekki að segja að þessi stelpa sé endilega eitthvað slæm, sagði mamma, stóð á fætur og gekk í áttina til mín.

— Flott þá og takk kærlega, sagði ég og gekk upp í herbergið mitt.

Um leið og ég lokaði dyrunum hringdi síminn.

Á skjánum blikkaði „Besta Linda“ og ég vissi ekki hvort ég ætti að gráta eða hlæja. Ég lagðist

ofan á rúmteppið frá ömmu og svaraði. Í fyrstu var samtalið stirt, þagnirnar langar og svo erfiðar að mest langaði mig að segja bara *bæ*, *heyrumst seinna*. En söknudurinn og löngunin til að ná sáttum<sup>265</sup> hélt samtalinu gangandi. Fyrst töluðum við um allt og ekkert, hvernig gengi í skólanum, tísku, veðrið og svolleiðis. Ég vissi að við yrðum að nefna Kormák svo við gætum aftur orðið við Linda. Á endanum þorði ég að spyrja:

— Ertu eitthvað í sambandi við Kormák?

— Nei, ekki lengur.

Þá kom löng þögn svo ég sá eftir að hafa spurt.

— Ég finn samt til með honum, bætti hún við.

— Nú?

— Já, æ, sko. Þetta er svo löng saga, Hrafnhildur.

— Ókei, sagði ég og var skíthrædd um að hún vissi allt.

— Æ, já, það var sko einhver sem lét mömmu vita og hún varð gjörsamlega<sup>266</sup> brjáluð.

265 Að ná sáttum þýðir að verða aftur vinkonur/vinir.

266 Gjörsamlega þýðir það sama og alveg.

— Við þig? spurði ég skjálfaandi röddu.

— Nei.

— Við Kormák?

— Já.

— Ég skil það vel, sagði ég. — Varst þú það ekki líka?

— Aðallega fyrst. Ég kenndi sjálfri mér líka um þótt ég viti að það sé ekki rétt. Það kom bara svo margt í ljós sem ég vissi ekki þegar við vorum saman. Allir gleymdu þessum myndum nema ég og nokkrir aðrir. Þetta varð allt svo skrytið og klikkað.

— Hvað kom í ljós?

— Það er víst allt í hassi<sup>267</sup> heima hjá honum.

Þabbi hans er alkóhólisti og það eru peninga-vandræði hjá þeim. Mamma hans er í molum.<sup>268</sup>

— Já, en, sagði ég og var farin að skjálfa. —

Það réttlætir samt ekki hegðun hans. Þetta var ógeðslega ómerkilegt af honum, Linda.

— Ég veit. Það eru bara svo margir sem fara út í vitleysu af því að allt er í rugli heima hjá þeim.

267 Þegar allt er í hassi er allt í rugli, ekkert í lagi.

268 Að vera í molum er það sama og að vera í rusli, líða illa.

— Linda, það sem hann gerði var samt sem áður ógeðslegt, sagði ég æst. — Hann hefði bara haldið áfram ef enginn hefði stoppað hann. Ekki vera meðvirk.<sup>269</sup>

— Róleg Hrafnhildur! Hann brotnaði alveg niður eftir þetta. Er það eitthvað betra? Mamma hótaði að kæra hann. Hann hafði engan til að styðja sig og hefði getað framið sjálfsmorð.

— Hvernig þá brotnaði hann niður?

— Hann er hættur í skólanum, Hrafnhildur, og mér finnst það vera mér að kenna. Hann fór inn á geðdeild en er farinn að vinna einhvers staðar núna.

— Þetta er samt ekki þér að kenna, Linda. Þú gerðir honum ekkert, það var hann sem braut á þér, sagði ég og var næstum því farin að gráta.

— En einhver kjaftaði samt í mömmu og það er eiginlega mér að kenna, ég sagði alveg nokkrum frá þessu. Æ, ég get ekki útskýrt þetta. Þú munt hvort sem er aldrei skilja þetta. Tölum bara um eitthvað annað.

269 Að vera meðvirk/meðvirkur er að halda með og samþykkja eitthvað sem í raun er ekki rétt.

Mér leið eins og ég hefði verið kýld í magann. Mig langaði ekki til að draga andann, mig langaði ekki til að heyra meira. Samtalið sem átti að sætta okkur var orðið að martröð.<sup>270</sup> Við

vorum komnar á sama stað og síðast þegar við tölum saman. Þessi dagur var allur ein martröð. Mest af öllu langaði mig til að öskra.

Hvað hafði ég gert?

— Hrafnhildur, ertu þarna?

— Já.

— Er eitthvað að?

— Já.

— Hvað?

— Allt.

Aftur kom löng þögn. Að lokum sagði Linda:

— Ég hef saknað þín rosalega mikið. Fyrirgefðu hvað ég var reið við þig síðast þegar við tölum saman. Fyrirgefðu að ég hafi ekki svarað þér. Það var ekki rétt af mér. Þú ert og verður alltaf besta vinkona mín.

Þetta var of mikið. Ég brotnaði algjörlega niður. Að lokum náði ég að róa mig. Eitt vissi ég.

270 Martröð er slæmur draumur.

Ef ég ætlaði mér að vera vinkona Lindu yrði ég að segja sannleikann.

— Það var ég sem hringdi í Kormák og þvingaði<sup>271</sup> hann til að segja mömmu þinni og foreldrum sínum sannleikann. Ég gerði það svo fleiri myndu ekki lenda í honum. Það er mér en ekki þér að kenna hvernig honum líður núna. Fyrirgefðu, sagði ég og hélt áfram að hágráta..

Eftir langa þögn spurði Linda.

— Veit mamma að það varst þú?

— Ég held ekki.

— Gerðir þú þetta í alvörunni? Þú?

— Já. Mér fannst það réttlátast. Fyrirgefðu, Linda, en mér fannst ég verða að gera þetta fyrir þig, fyrir okkur og eiginlega alla sem gætu lent í svona. Það versta hefði verið að gera ekki neitt. Þessar myndir verða til að eilífu og alls staðar. Þú getur kannski lifað með því og varið þig af því þú ert svo sterk en kannski ekki sú sem hefði verið næst.

271 Að þvinga einhvern til einhvers er það sama og að neyða einhvern til einhvers, þína til að gera eitthvað.

Aftur kom löng þögn. Vinskapur okkar var í lífshættu. Við vorum allt í einu orðnar full-orðnar. Ég heyrði Lindu gráta.

— Ég varði mig ekki, það varst þú sem gerðir það.

— Samt ekkert alveg, sagði ég á meðan tárin streymdu niður kinnarnar á mér.

— Víst, Hrafnhildur. Takk. Ég hefði samt aldrei trúað því að þú myndir þora að gera svona.

— Varla ég heldur. Fyrirgefur þú mér?

— Meira en það.

Svo þöðum við. Ég grét hljóðlaust og vissi að Linda gerði það líka. Svo sagði hún mér að Kormákur væri hjá sálfræðingi. Líka að mamma hennar hefði fyrst helst viljað senda hann í fangelsi en nú væri hún að hjálpa mömmu Kormáks að vinna úr málunum. Sennilega væru foreldrar hans að skilja. Að Ásgerður mamma hennar væri að vinna að nýjum lögum um glæpi á samfélagsmiðlum. Þannig lög væru ekki til.

— Þú veist hvernig mamma er.

- Ég veit, mamma þín er algjör jarðýta.<sup>272</sup>
- Þið eruð svo líkar.
- Ha! Ég og mamma þín?
- Já, Hrafnhildur. Þið hafið báðar svo sterka réttlætiskenn.<sup>273</sup>

Þegar við kvöddumst lofuðum við hvor annarri því að láta aldrei líða jafn langan tíma án þess að tala saman.

- Ég á eftir að segja þér svo margt, sagði ég.
- Ég andaði léttar þegar ég lagðist á koddann. Um nóttina dreymdi mig Akam, Anniku og Lindu, öll vorum við á flotta undan Günther og Thomasi í hverfinu hans Akams. Í draumnum hljóp ég undan þeim með litlu systur Akams í hjólastólnum á meðan skerandi öskur hennar ætluðu að slíta mig í sundur.

272 Jarðýta er stór vinnuvél sem getur ýtt mold, snjó og ýmsum jarðvegi á undan sér. Orðið er líka notað yfir sérstaklega duglegt og drífandi fólk.

273 Að hafa sterka réttlætiskenn er að vilja að sem flestir búi við réttlæti.

Ég var á kafi í draumnum þegar mamma vakti mig. Venjulega vaknaði ég sjálf við vekjara-klukkuna en þennan morgun við kaldan þvottapoka á enninu á mér. Ég horfði á mömmu í móðu.

— Hrafnhildur mín, þú ert búin að tala upp úr svefni í alla nótt.

— Passaðu hana í smástund, sagði ég og þorði ekki að sleppa takinu af hjólastólnum.

— Passa hverja, elskan?

— Systur hans Akams.

— Hvað ertu að meina? Þá áttaði ég mig.

— Æ, ekkert. Láttu mig bara í friði.

— Eftir smá, ástin mín.

— Ég held að ég sé orðin veik. Ég get ekki staðið upp.

Ég var rennandi sveitt og langaði að sofa endalaust.

— Þú verður heima í dag, ástin mín.  
 Með dúndrandi<sup>274</sup> hausverk drakk ég heila könnu af vatni. Á meðan mamma skipti á rúminu þurfti ég að halda mér í skrifborðið til að standa í lappirnar. Hún togaði af mér þröngu gallabuxurnar sem ég hafði sofnað í og klæddi mig í náttföt. Stundum er mamma best og þá sé ég eftir að vera ekki blíðari við hana. Ég svaf til klukkan tvö og las síðan í bókunum sem amma hafði sent mér. Í bókinni *Gæfuspör, gúldin í lífinu* eftir Gunnar Hersvein las ég um hugrekki og ótta. Í bókinni stóð: „Á bak við hugrekki býr löngun til að gera eitthvað, ótti gagnvart því og þor til að taka áhættu.“ Ég tengdi vel við þessi orð.

Ég sendi Ase snapp og pakkaði fyrir fylgdina heim. Sagði henni að ég væri veik og hefði sofnað í fjórtán klukkutíma. Síðan spjallaði ég við pabba og sagði honum meira frá Akam. Ég sagði honum að Akam ætti systur í hjólastól og að hann hefði misst pabba sinn. Það er svo auðvelt að ræða við pabba um óréttlæti

274 Dúndrandi þýðir hér mjög mikill, eins og t. d. hamarshögg.

heimsins án þess að missa vonina um að eitthvað geti breyst.

Dyrabjallan hringdi. Það var Annika. Ég heyrði mönnum þakka henni fyrir eitthvað. Þær komu báðar upp og Annika rétti mér innpakkaðan Eyjafjallajökul með kveðju frá Herr Bechtold.

— Hann trúði mér varla þegar ég sagði að þú færir ekki til Íslands í haustfríinu. Hittir hún þá ekki pabba sinn fyrir en um jólin? spurði hann örugglega fimm sinnum. Hann málaði aftur perluna í sama græna litnum. Nú er hann farinn til Búlgaríu og verður ekki í skólanum á morgun. Síndu okkur, sagði hún og hoppaði af spenningi.

Ég hló. Annika og mamma horfðu með eftirvæntingu<sup>275</sup> á mig.

— Þetta er sko handa pabba, sagði ég og fékk samviskubit.

— Ég sé það, sagði mamma og brosti aðeins.

— Næst geri ég eitthvað handa þér.

275 Eftirvænting er nokkurn veginn það sama og tilhlökkun, jákvæð spenna fyrir einhverju í framtíðinni.

En ég efaðist um það. Pabbi og amma höfðu allt sem ég hafði gefið þeim uppi við en mamma geymdi flest sem ég hafði gefið henni ofan í skúffu.

— Vá, Hrafnhildur, sagði mamma þegar ég lyfti fjallinu upp, togaði í spottann og eldgosíð gæggðist upp. — Mikið verður pabbi þinn ánægður með þetta.

— Takk. En héna, af hverju fer ég ekki heim til pabba í haustfríinu?

Ég horfði ásakandi á mömmu.

— Æ, Hrafnhildur mín. Við erum nú bara nýkomin hingað út.

— Spurðir þú einhvern tímann pabba eða mig hvort við vildum það?

— Nei og ekki spyr pabbi þinn. Það segir nú kannski sitt.

— Sitt hvað?

— Hrafnhildur, viltu virkilega ræða þessi mál hér og nú?

— Ég gaf mömmu þinni blóm, sagði Annika og blikkaði mig. — Þú gætir svo kannski smíðað hjarta handa henni seinna. Hún á það nú skilið

fyrir að ætla að leyfa þér að koma með í bústaðinn.

Þó að við mamma hefðum talað saman á íslensku hafði greinilega ekkert farið fram hjá Anníku.

— Já, heyrðu, sagði Annika. — Þessi poki hékk á hurðarhúninum.

Hún rétti mér lítinn poka sem á stóð skýrum stöfum, Hilda U, nafnið mitt á snappinu.

— Frá hverjum er þetta? spurði mamma.

— Þetta er frá vinkonu minni sem heitir Ase, svaraði ég.

Í pokanum var fallegur klútur, hunang og maynitute.

— Ha? sagði Annika, pottþétt í fyrsta skipti á ævinni á röngu augnabliki. — Hver er það?

Mamma leit rannsakandi á mig.

— Æ, þú þekkir hana ekki, hún er í hinum bekknum, sagði ég og blikkaði Anníku. — Ase vissi sko að ég væri veik.

— Já, hún, sagði Annika. — Hvernig gat ég gleymt henni?

Að lokum fór mamma niður. Annika talaði um allt sem við myndum gera í fríinu. Fara í hengirólu yfir fallegasta skóg í Þýskalandi, sigla á dásamlegasta vatni í heimi, baða okkur í ám, borða gómsætar<sup>276</sup> kökur. Kaupa okkur eins fót.

- Nei, ég er ekki á leiðinni í pönkið, sagði ég.
- Kannski eins boli, sagði hún biðjandi.
- Kannski, en bara kannski, sagði ég og hló.

Það var ótrúlegt hvað hún gat stundum verið barnaleg. Augnabliki síðar var hún aftur orðin leyndardómsfull<sup>277</sup> og hugsí. Nú andvarpaði hún og brosti hughreystandi til mín.

— Bara einn skóladagur eftir og svo frí. En já, heyrðu, Hilda, bætti hún hikandi við. — Ég fann húfuna þína hérna fyrir utan.

— Hvar var hún? spurði ég og næstum þreif hana af henni.

— Hún lá bara við útidyrhurðina.

Ég fann strax fyrir miðanum sem hafði verið festur í húfuna með hefti. Þakkaði í huganum.

<sup>276</sup> Það sem er gómsætt er mjög gott á bragðið.

<sup>277</sup> Sú/sá sem er leyndardómsfull/leyndardómsfullur er þannig á svipinn að hún/hann virðist búa yfir leyndarmálum.

fyrir að mamma hafði ekki fundið hana. Líklegast hafði Annika falið hana fyrir henni. Ég sneri mér að glugganum og las á miðann.

*Passaðu húfuna þína betur, tíkin þín. Líka hausinn á þér. Láttu Akam í friði. Hann er okkar.*

Síðasta skóladeginum fyrir haustfríð mun ég seint gleyma. Mamma vildi halda mér heima en ég vildi fara í skólann og athuga hvernig Akam hefði það. Ég óttaðist að Thomas og Günther hefðu gert honum eitthvað eftir að ég flýði.

Það var létt yfir kennurunum enda allir á leið í frí. Frau Richter sagði bekknum brosandí frá því að hún myndi fara með systur sinni á heilsuhæli<sup>278</sup> í Svartaskógi. Í fyrsta sinn spjallaði hún við bekkinn. Þegar ég sagðist ætla í sumarbústað með Anníku sagði hún:

— *Ach so.* Ég hélt kannski að þú færir til Íslands?

— Nei, ég vil ekki missa af neinu tækifæri til að læra betri þýsku, svaraði ég.

Hún fattaði ekki kaldhæðni mína og sagði:

278 Heilsuhæli er staður þar sem fólk dvelur um tíma og lifir mjög heilbrigðu lífi.

— Það er skynsamlegt. Annars langar mig til að hrósa þér. Þér hefur farið afskaplega hratt fram í þýskunáminu.

Strákur í bekknum sem heitir Adrian brosti fallega til mín. Ég brosti til hans og roðnaði þínulítið. Þetta var í fyrsta sinn sem augu okkar mættust.

Annars átti ég erfitt með að einbeita mér. Ég var með hugann við samtal okkar Lindu og flóttann undan Thomasi og Günther. Skilaboðin í húfunni stressuðu mig. Á leiðinni í skólann hafði ég hent miðanum út í Mósélána. Ég reyndi að róa mig og hugsa um ferðina með Anníku en alltaf leitaði hugurinn til Akams.

Hvernig gat ég nálgast hann? Günther fylgdist örugglega stöðugt með honum. Nú vissu þeir Thomas hvar ég bjó og í hverfinu hans Akams var mér ekki óhætt.

Akam var ekki frjáls maður. En var ég frjáls ef ég skipti mér ekki meira af Akam? Örugglega gæti Anníka sagt mér meira um Akam og hvað væri í gangi en ég óttaðist að það gæti spíllt vínáttu okkar.

Ég var nýkomin fram á gang þegar einhver kippti í hægri jakkaermina. Akam stóð þétt upp við mig.

- Ertu fokking geðveik? hvæsti hann.
- Ha?
- Ertu fáviti?
- Nei, sagði ég og starði niður í gólfdukkinn.
- Fyrir hvern ertu að vinna?
- Ha? sagði ég steinhissa.
- Af hverju ertu að njósna um mig? Fyrir hvern?

— Engan.

— Ef ekki, þá ertu í alvörinni fokking geðveik.

— Nei, ég er alls ekki geðveik.

— Þá ertu allavega algjör hálfviti.

— Ég er að minnsta kosti ekki aumingi, sagði ég og horfði í augu hans.

Ég fann reiðina vaxa.

— Ha?

— Ég læt ekki kúga mig.

— Hvað ertu að meina?

— Þú veist það.

— Þú ert snarbiluð, sagði hann og leit undan.

— Kannski en ég er ekki þræll.

— Þegiðu!

— Þegiðu sjálfur!

— Farðu bara aftur til Íslands þar sem allt er svo gott og hættu að skipta þér af mér, sagði hann. — Þú gerir hvort sem er ekkert annað en að skapa vandræði?<sup>279</sup> og vera fyrir.

— Ég gæti reyndar gert það, sagði ég rólega.

— Ég á þó einhvers staðar heima. Þar er ég líka velkomin, bætti ég við og horfði ögrandi beint í augun á honum.

Það var eins og orð mín þurrkuðu upp allt líf í augum hans. Ég horfði í gapandi tóm<sup>280</sup> sem hittu sjálfa mig beint í hjartað. Ég leyfði tárunum að renna niður kinnarnar á mér. Fyrst horfði hann sviplaus á mig en svo sá ég hlýjuna skína úr augnaráði hans. Mér létti.

— Fyrirgefðu, sagði ég lágt. — Ég hef aldrei áður sagt neitt jafnt ljótt. Ég skammast mín.

<sup>279</sup> Að skapa vandræði þýðir það sama og að búa til vandamál.

<sup>280</sup> Gapandi tóm er stórt tóm/gat sem blasir við.

Við tók löng þögn. Hróp og köll að utan hjómuðu eins og merki um líf á öðrum hnetti.

— Hvar varstu eiginlega í gær? spurði hann.  
— Af hverju komstu ekki í skólann?

— Ég var þreytt eða sko veik.

— Náðu þeir þér?

— Nei, sagði ég. — Eltu þeir mig?

— Auðvitað.

— Fyrirgefðu það sem ég sagði áðan.

— Allt í lagi.

— Takk, sagði ég skömmustuleg.

— Ég hélt kannski að þeir hefðu gert þér eitthvað, sagði hann og horfði rannsakandi á mig.

— Þeir náðu mér ekki. Engar áhyggjur.

— Ég var ekkert með áhyggjur.

— Ekki ég heldur, sagði ég og reyndi að bera mig vel.

— Þú ert mjög skrýtin, sagði hann.

— Örugglega. En ég veit að ég er ekki fáviti og ég er ekki geðveik.

— Ég var ekki að meina það bókstaflega.

— Ekkert mál, sagði ég og þurrkaði framan úr mér tárin.

— Það er engin ástæða til að gráta, sagði hann.

— Sjálfsgagt ekki, sagði ég. — Mér finnst það samt gott.

— Gráttu þá bara, það eru hvort sem er allir farnir út, sagði hann og leit í kringum sig.

Það kom mér á óvart að það væri ekki búið að reka ökkur út. Húsvörðurinn var greinilega kærulaus vegna haustfrisins. Mér fannst óhugsandi að klára skóladaginn, mæta í næsta tíma grátbólgin og rugluð í höfðinu.

— Getum við farið eitthvað? spurði ég.

— Hvert?

— Bara eitthvað.

— Til hvers?

— Til að tala saman í friði.

— Áttu ekki að mæta í tíma á eftir? spurði hann örlítið undrandi.

— Jú, en mér er skítsama.

— Ég hef aldrei sleppt tíma, sagði hann.

— Ekki ég heldur.

Við brostum aðeins hvort til annars og gengum út í haustfrið, tveimur tímum á undan öllum öðrum. Ég veifaði leigubíl og bað

bílstjórann um að keyra okkur á pitsustað í Trier.  
Mér fannst ég vera orðin fullorðin en inni í mér  
skalf líka hrædd stelpa.

## 37

Ég sendi mömmu skilaboð og bað hana um að  
leggja 30 evrur inn á kortið mitt.

Ertu ekki í skólanum?

spurði hún.

Fengum að fara fyrir.

Hvernig líður þér?

Bara vel.

Ertu með Anniku?

Já, en ég kem heim fyrir kvöldmat.  
Ætliarðu að leggja inn á mig?

Gerri það, en farðu varlega.

Þennan dag fékk ég að heyra brot úr sögu Akams. Ég byrjaði að segja honum frá sjálfri mér og útskýra fyrir honum af hverju við hefðum flutt til Þýskalands.

— Já, en ... sagði hann. — Þessi Tryggvi, stjúp-pabbi þinn, var hann ekki með vinnu á Íslandi?

— Jú, jú.

— Var komið illa fram við hann þar?

— Nei, nei.

— Af hverju fluttuð þið þá frá Íslandi?

— Ég held að hann hafi fengið betri vinnu hérna, sagði ég. — Eða, já, og betri laun og þannig. Svo vildu þau skipta um umhverfi.

Hérna er betra veður og allt ódýrara.

— Ertu að meina að þið hafið flutt frá Íslandi af því að það er betra veður í Þýskalandi?

— Ekki bara út af því, sagði ég þínu vand-ræðaleg. — En það er sko mikið myrkur heima.

— Ég er búinn að lesa um myrkrið. En það er líka mikil birta á sumrin og engin stríð.

— Það er rétt, bætti ég stolt við.

— Fjöllin eru svolítið lík þeim kúrdísku, sagði hann.

Við skoðuðum myndir á símanum mínum. Það var rétt að fjöllin hans voru lík fjöllum heima.

— Leyfði pabbi þinn þér alveg að flytja?

— Já, eða sko. Hann þurfti ekkert að leyfa

það. Mamma ákvað þetta eiginlega bara. Svo veit ég ekkert hvort ég verð hérna á næsta ári.

— Ókei, sagði hann leiður.

— En af hverju fluttuð þið hingað? spurði ég og fannst ég hljóma heimskulega.

— Pabbi, sagði Akam stoltur en sorgmæddur.

— Pabbi ákvað það.

Næstu tvo klukkutímama skiptumst við Akam á sögum. Hann talaði meira en ég. Sagan hans var líka miklu stærri en mín. Ég táraðist oft en skammaðist mín ekkert fyrir það. Ég spurði um systur hans.

— Gela er fimm ára og var eins árs þegar við komum til Þýskalands með mömmu. Hún fæddist svona, sagði hann þegar ég spurði um hjólastólinn. — Þegar hún var orðin nokkurra

mánaða, lá hún mest kyrr, brosti og hjalaði<sup>281</sup> en vildi hvorki velta sér né sitja. Seinna fékk hún krampaköst.<sup>282</sup> Þá ákvað pabbi að við skyldum flýja, ég, mamma og Gela. Hann sagðist koma seinna en ég held að hann hafi aldrei ætlað sér það.

— Hvernig veistu? spurði ég.  
— Hann grét svo mikið þegar við kvöddum hann, miklu meira en mamma. Irem, bróðir hans sem keyrði okkur til Tyrklands, þurfti á endanum að rífa Gelu úr fanginu á honum. Hann rétti mér mynd af sér og þegar við keyrðum af stað sá ég að hann hafði klippt myndina út úr vegabréfinu sínu. Þá vissi ég það.

— Fórstu að gráta? spurði ég.  
— Af hverju viltu vita það?  
— Bara.  
— Já, ég grét alla leiðina í bílnum, sagði hann, en ég hef aldrei grátíð síðan og ætla aldrei að gráta aftur.

281 Áður en lítil börn læra að tala hjala þau, gefa frá sér hljóð sem líkjast söng.

282 Þegar fólk fær krampaköst kreppist það og stíðnar upp í smástund, skelfur og ræður ekkert við sig.

— Ég er algjör grenjuskjóða.  
— Þú ert góð manneskja, sagði Akam og horfði hlýlega á mig. — Eins og pabbi.  
Hann sagði mér meira frá pabba sínum og lífinu í Kúrdistan.  
— Pabbi var verkfræðingur en aðallega var hann barátumaður og friðarsinni, sagði hann stoltur.

— Fyrir hverju barðist hann?  
— Friði. Hann vildi að Kúrdar fengju frið til að vera Kúrdar. Hann vann við að stofna fyrsta kúrdska háskólann og vildi kenna þar. Vildi líka leyfa öðrum að læra um Kúrda svo við yrðum mikilvæg heiminum.

— Tókst honum það? Stofnaði hann háskóla?  
— Ekki hann einn. Hrafnhildur, sagði hann og hallaði sér fram. — Pabbi var í stríði. Stundum var hann ekki heima í margar vikur af því hann var að vinna við undirbúninginn á stöðum sem enginn mátti vita af. Mamma var oft rosalega hrædd um hann. Hann kom samt alltaf til okkar þegar hann gat. Eftir að Gela fæddist var hann meira hjá okkur.

— Kenndi hann við háskólann?

— Nei! Nei, endurtók hann og starði alvarlegur fram fyrir sig.

Ég hélt að hann ætlaði að fara að gráta.

— Ég held, hélt hann áfram, — ég held að pabbi hafi vitað að hann væri í mikilli hættu þegar hann sendi okkur af stað með Irem. Samt varð hann eftir. Hann trúði því alltaf að hann gæti sannfært fólk um að breyta rétt.<sup>283</sup> Hann var of auðtrúa.<sup>284</sup> Þegar hann rétti Irem fullt af seðlum í blöðru vissi ég að hann hefði selt húsið okkar.

Akam hélt áfram:

— Irem sagði okkur ekki að pabbi hefði verið skotinn fyrir en við komum til Austurríkis.

Ég gat ekki annað en hlustað og kinkað stjórf<sup>285</sup> kalli. Eiginlega vildi ég samt ekki heyra meira. Ég þráði að komast út og þurfa ekki að hugsa um annað en það sem ég ætlaði að drekka eða borða.

283 Að breyta rétt er að gera það sem telst rétt og skynsamlegt.

284 Að vera auðtrúa er að trúá auðveldlega bæði því sem er sagt en líka því sem er rangt.

285 Að vera stjórf eða stjáfur er að vera mjög stúfur, hreyfa sig ekki neitt.

Mest langaði mig að hringja í pabba og segja honum hvað ég elskaði hann mikið. Allt í einu varð ég skelfilega hrædd um að eitthvað hræðilegt kæmi fyrir hann. Ég yrði að fara heim í haustfríinu, sama hvað það kostaði.

hefði gert. Það hefði verið erfitt að finna tilgang með flóttanum. Þótt hún sé fötluð þá er hún rosalega klár, sagði Akam og brosti stoltur.

— Var ferðalagið erfitt?

— Já, það var rosalega erfitt en Irem fylgdi okkur alla leið. Við vorum heppin miðað við marga aðra. Það lifa alls ekki allir svona ferðalag af, sagði hann og leit á mig eins og hann vildi kanna hversu saklaus ég væri. — Þeir vissu að Þýskaland var að opna dyrnar fyrir flóttafólki frá Sírtlandi og Kúrdistan. Pabbi átti vini úti um allt.

— Byr Irem í Þýskalandi?

— Nei. Þegar við komum til Austurríkis sagði hann mömmu frá því sem hafði komið fyrir pabba. Hún sýndi engin viðbrögð en um nóttina heyrdi ég hana gráta. Ég lá við hliðina á Gelu og hélt fyrir eyrun á henni.

— Af hverju fór Irem til baka?

— Ég vil eiginlega ekki vita af hverju. Hann hefði átt að koma með og hjálpa mömmu, það var það sem pabbi bað hann um. En ég sagði honum ... sko, ég sagði honum hvað pabbi sagði við mig þegar hann rétti mér myndina af sér.

Akam hélt frásögn sinni áfram.

— Á eyjunni Kos gistum við á hosteli. Um miðja nótt hringdi síminn hans Irem. Ég elti hann fram á gang. Hann vissi ekki af mér. Símtalið var stutt. Þegar hann barði hnefanum oft í vegginn og hneig niður vissi ég hvað hafði komið fyrir.

— Hvað gerðir þú?

— Ég læddist aftur inn. Passaði mig að vekja ekki mömmu og Gelu. Vildi ekki að mamma vissi sannleikann.

Ég grét í hljóði fyrir okkur bæði. Akam teygði sig í servíettur á næsta borði og rétti mér.

— Næsta morgun var Irem búinn að kaupa sér sólgleraugu og vildi að við drifum okkur af stað, fyrr en við ætluðum. Mamma sagði lítið alla leiðina. Ég reyndi að passa Gelu vel. Ef hún hefði ekki verið þarna, þá veit ég ekki hvað ég

— Hvað sagði hann? spurði ég allt of ákøf.

Akam starði út í loftið rétt eins og hann hefði gleymt mér, stað og stund. Svo sagði hann:

— Hann sagði mér að passa mömmu og Gelu. Hann sagði mér að stofna aldrei til ófriðar eða óvinskapar. Að ég ætti að muna að vera stoltur yfir því að vera Kúrði og tala kúrdísku alla ævi.

Mér varð hugsað heim. Nú skildi ég betur en áður hversu heppin ég hafði verið að alast upp á Íslandi. Eiginlega fann ég til samviskubits. Ég skildi einnig ömmu betur sem alltaf var að tala um hversu dýrmætt tungumálið okkar, íslenskan, væri. *Við erum verðir íslenskunnar*, sagði hún svo oft, *ef við gætum hennar ekki sjálf gerir það enginn*. Sumum krökkum í skólanum var hins vegar skítsama og þeir vildu frekar tala ensku en íslensku.

— Einhvern tímann ætla ég að kenna við háskóla, sagði Akam.

— Stærðfræði? spurði ég.

— Kannski, sagði hann og hló pínulítið.

— Við háskólann sem pabbi þinn var með í að stofna í Kúrdistan?

— Nei, það er ekki hægt. Það er búið að sprengja hann í loft upp.

Ég var orðlaus. Og hugsaði: Hvernig er hægt að búa í landi þar sem skólar eru sprengdir í loft upp?

— Ég þarf að ná í Gelu, sagði Akam.

Mig langaði út en ég vissi vel að það yrði langt þangað til við Akam fengjum tækifæri til að tala aftur saman.

Á meðan við biðum eftir reikningnum sagði ég:

— Takk fyrir heimadæmin, Akam, þú þjargaðir mér alveg.

— Ekkert mál. Takk fyrir matinn.

— Akam, fyrir hvað marga leysir þú heimadæmi?

— Ég veit það ekki.

— Þú hlýtur að vita það. Svona um það bil?

— Ég hef ekki talið það.

— Hvað færðu fyrir það?

— Af hverju spurðu?

— Mig langar bara að vita það.

— Ég fæ ekki neitt. Ekki ennpá.

— Viltu þetta sjálfur? spurði ég æst.

Hann andvarpaði og starði fram fyrir sig. — Síðan leit hann svipbrigðalaus<sup>286</sup> á mig.

— Nei. Þetta er orðið of mikið. Ég get ekki sinnt Gelu almennilega. Ég get ekki sinnt mínu eigin námi almennilega og ég get varla leynt þessu fyrir mömmu lengur. Var það þetta sem þú vildir vita? spurði hann og leit hvasst á mig.

— Já, sagði ég ákveðin. — En líka hvernig þú ætlar að stoppa þetta. Vita kennararnir af þessu? Heldur þú að pabbi þinn hefði verið stoltur af því að þú létir aðra kúga þig svona? Og hvernig fékkstu sárið á enninu?

— Ég nenni ekki að tala um þetta. Þú skilur þetta heldur ekki, veist ekkert hvernig er talað um okkur blóðsugurnar.<sup>287</sup>

— Akam, sagði ég og hallaði mér fram á borðið. — Þetta er einelti. Þeir hætta ekki fyrir en þú lætur þá hætta. Þú verður að tala við kennarana og segja þeim hvað er í gangi. Fá hjálp. Kúgun og stolt fara ekki saman.

286 Að vera svipbrigðalaus er að láta ekki sjá á sér neinar tilfinningar.

287 Blóðsugur eru smádyr sem sjúga blóð úr öðrum, dýrum eða fólki.

Kannski hafði ég gengið of langt. Nú beið ég eftir að hann flýði. En að þessu sinni flúði hann ekki heldur beit saman vörum, lokaði augum og hallaði hnakkanum að stólbakinu. Svo leit hann á mig og krosslagði handleggi.

— Einu sinni talaði ég við Herr Schneider stærðfræðikennara, sagði hann. — Þegar þetta var að byrja. Hann hló bara og sagði að ég yrði að venja mig við að verða að gagni í nýju landi. „Þú hefur gott af því að hjálpa öðrum þótt það sé nýtt fyrir þér,“ sagði hann. Hrafnhildur, þau vita af þessu en láta eins og ekkert sé. Þetta er líka síðasta árið mitt, eftir þennan vetur er ég laus við alla þessa fávita, sagði hann reiðilega.

— Einmitt, sagði ég og glotti. — Eins og Thomas og Günther muni ekki elta þig áfram. Hvað taka þeir fyrir dæmin?

— Tuttugu evrur.

— Hvað leysir þú dæmi fyrir marga á mánuði, Akam?

— Svona hundrað.

— Vá, Akam. Þeir fá þá tvö þúsund evrur á mánuði. Og þú ekki neitt!

- Þeir segjast ætla að hækka þetta eftir áramót og þá fái ég eitthvað.
- Viltu virkilega taka þátt í þessu? Um leið og þú ferð að taka við greiðslum ertu orðinn hluti af svindlinu. Ef ég væri Günther myndi ég borga þér smá og þannig gera þig samsekan.<sup>288</sup> En þeir þurfa þess ekki, þú þegir hvort sem er. Er virkilega svona auðvelt að kúga þig?
- Djöfull ertu andstyggileg, sagði hann og horfði illskulega á mig.
- Ég er bara að segja satt, sagði ég og horfði beint í augu hans.
- Hann leit undan. Ég hélt áfram.
- Af hverju hjálpar þú ekki sjálfur þeim sem eru í vandræðum?
- Þeir myndu aldrei leyfa mér það.
- Akam, þarft þú að fá leyfi hjá Günther til að hjálpa öðrum?
- Æ, þú skilur þetta ekki. Þú veist ekki neitt, þú veist ekkert hvernig þeir hótta manni og hvað þeir eru tilbúnir að gera.

288 Að gera einhvern samsekan er að láta einhvern taka ábyrgð á glæp/sök með sér.

- Kannski ekki, sagði ég. — En hvað hefði pabbi þinn gert?
- Þetta kemur því ekkert við, svaraði hann æstur.
- Hvað heldur þú að pabbi þinn segði ef hann væri á lífi?
- Ég þarf að fara, sagði Akam og stóð á fætur.
- Fyrirgefðu ef ég er of leiðinleg, sagði ég.
- Þú ert ekki leiðinleg en þú ert samt klikkuð.
- Hafðu það gott í frúinu, sagði ég þurrlega og klæddi mig í jakkann.
- Þá sneri hann sér við og horfði einlæglega á mig.
- Takk, Hrafnhildur. Takk fyrir að vera vinur minn. Pabba hefði líkað rosalega vel við þig. Mamma myndi líka kunna vel við þig ef hún þekkti þig.
- Svo var hann farinn.

Ég settist aftur niður og hugsaði vel um það sem Akam hafði sagt mér. Mér var létt en hafði ég gengið of langt?

Á leiðinni heim kom ég við hjá Heidi. Hún hafði sent mér skilaboð og sagst vera með svolítið handa mér. Hún rétti mér pakka.

— Opnaðu pakkann og svo fáum við okkur te og kökur, sagði hún spennt.

Hún lagði girnilegar bollakökur á fallett fat og hellti heitu vatni yfir myntulauf úr garðinum. Teið minnti mig á Ase og pabba hennar. Kannski gæti ég keypt eitthvað fallett handa þeim á ferðalaginu.

Gjöfn í pakkanum var stækkuð ljósmynd sem Heidi hafði tekið af mér daginn sem við hittumst fyrst. Feimin lít ég í myndavélina með appelsínurnar í fanginu; hárið á mér er rosalega krullað og stendur út í allar áttir. Myndin var aðallega svarthvít en Heidi hafði litað hárið rautt og augun græn.

— Vá, hvað ég er barnaleg á þessari mynd!  
— En hvernig finnst þér hún? spurði Heidi og hló.

— Rosaleg flott.

— Mér líka, sagði hún. — Auðvitað bauð ég þessari stelpu inn til mín.

— Má ég gefa mömmu hana?

— Auðvitað, sagði hún og þurrkaði kirsuberjasultu af hökunni á sér.

Ég sagði Heidi frá Akam. Ekki frá vandræðunum í skólanum en ég sagði henni frá pabba hans og Gelu.

— Hilda mín, sagði hún. — Það er örugglega ómetanlegt<sup>289</sup> fyrir Akam að þekkjja manneskju eins og þig en gættu þín. Það sem hefur gengið á í Sýrlandi er erfitt að skilja.

— En Kúrdar hafa verið ofsóttir. Pabbi hans Akams gerði ekkert af sér, sagði ég.

— Það er eflaust rétt, elskan, en ofbeldi kallar því miður á ofbeldi.

<sup>289</sup> Ef eitthvað er ómetanlegt er ekki hægt að mæla hvers virði það er, hvað það ætti að kosta.

- Það er samt ekki hægt að sætta sig við hvað sem er.
- Það er alveg rétt hjá þér en það hefur ýmislegt gerst hér í Pýskalandi sem þú veist ekki um. Menning okkar er ólík.
- Eins og hvað hefur gerst?
- Hilda, sagði Heidi og varð sorgmædd á svip. — Pýsk stúlka var nýlega myrt og það var ungur Kúrði sem gerði það. Viðbrögð<sup>290</sup> fólks sem er á móti því að Pýskaland taki við fleira flóttafólki voru mjög hörð.
- Ég vissi þetta ekki, sagði ég leið. — Akam er samt alls ekki þannig og þetta á ekki að skemma fyrir honum.
- Það er alveg rétt en sumir vilja senda flóttafólk til baka. Kröfur um að innflyjendur sanni sig og leggi eitthvað til Þjóðfélagsins verða alltaf meiri. Oft leggur þetta fólk meira á sig til að sanna sig en við sem erum fædd hérna. Því miður er ekki oft talað um það.

290 Viðbrögð er orð yfir það hvernig fólk bregst við eða hágrar sér eftir að hafa séð, skynjað eða heyrt eitthvað.

- Ég skil, sagði ég án þess að skilja þetta almennilega.
- Næstum alls staðar hafði ég fengið jákvæð viðbrögð hjá Þjóðverjum þegar ég sagðist vera frá Íslandi.
- Þegar ég kom heim var ég hætt við að heimta að fara heim til Íslands í haustfríinu. Pabbi hafði sent mér mynd af sér borða kótelettur í raspi með kartöflum og rabarbarasultu hjá ömmu svo ég vissi að hann hefði það gott. Ég hafði ætlað að hringja í hann en var svo ekki í stuði fyrir það. Tuttugu snöpp frá Anniku þar sem hún þuldi upp hvað við myndum fá að borða, sjá og gera hjálpuðu líka til. Ég gæti ekki svikið hana. Hún vildi að við myndum báðar aflita<sup>291</sup> á okkur hárið í ferðinni. Ég svaraði: *Nei, ekki séns*. Klukkan sjö næsta dag myndum við leggja af stað.
- Hverjum öðrum en Þjóðverjum dettur í hug að leggja svona snemma af stað? sagði mamma hneyksluð.

291 Þegar hár er aflitað er það þvegið upp úr efni sem lætur allan náttúrulegan lit hverfa úr því.

Ég var óendanlega þreytt og nennti ekki að pakka niður. Mig langaði ekkert meira en að liggja hjá mömmu og láta hana strjúka yfir ennið á mér. —Má ég liggja aðeins hjá þér í leðursófanum? spurði ég.

Þar leyfði mamma mér að liggja eftir að hafa svæft mig með því að strjúka yfir ennið á mér og þar lá ég þar til dyrabjallan hringdi klukkan tíu mínútur í sjö næsta morgun. Ekkert okkar hafði vaknað við vekjaraklukkuna. Þyngst svaf mamma sem hafði vakað fram á nótt við að pakka öllu vandlega í tösku fyrir mig. Tryggvi, enn hálf-sofandi í náttslöppnum, opnaði dyrnar fyrir Anniku og pabba hennar og afsakaði sig klaufalega á þýsku. Annika gekk inn, klappandi saman lófunum, með blágræn speglagleraugu á höfðinu og önnur nákvæmlega eins í hendinni.

— Gjöf til þín, sagði hún og beygði sig yfir mig á sófanum.

Þá sá ég að hún var búin að lita hárið á sér rautt og fá sér permanent.<sup>292</sup>

<sup>292</sup> Permanent er hármeferð sem býr til krullur í slétt háir og endist í nokkrar vikur.

Við hlógum okkur máttlausar þegar við litum í spegil, báðar rauðhærðar með blágræn speglagleraugu.

Mamma horfði steinhissa á okkur en pabbi Anniku gat ekki annað en hlegið með. Þetta var í fyrsta skipti sem foreldrar okkar hittust. Mamma og Tryggvi stóðu vandræðaleg í náttslöppum en Dietrich var eins og klipptur út úr herrafataauglýsingu með uppbreittar-skyrtuermar og létta ljósbláa ullarpeysu á herðunum. Hann tók af sér sólgleraugin áður en hann heilsaði með handabandi og glaðlegu brosi. Þegar mamma svaraði á ensku sagði ég:

— Kannstu virkilega ekki eitt einasta orð í þýsku þótt þú hafir verið hérna í nokkra mánuði?

— Róleg, góða og pakkaðu fyrir að ég pakkaði niður fyrir þig, sagði hún og brosti breitt til Dietrichs.

Hún spurði hann hvort hún mætti ekki borga fyrir ferðina og pakkaði honum oft fyrir að bjóða mér með. Dietrich ljómaði allur við bros hennar og sagði að Annika væri miklu glaðari og sáttari með lífið eftir að hafa kynnst mér. Það

væri honum sönn ánægja að bjóða mér með og það mömmu að minnast ekki á peninga.

— Góð vinátta verður ekki metin til fjár, sagði Dietrich og brosti áfram blítt til mömmu á meðan Tryggvi stóð vandræðalegur og berfættur hjá.

Ef það er eitthvað sem bræðir mömmu þá er það þegar dætrum hennar er hrósað. Mamma sótti því símann og bað um að fá að taka mynd af okkur Anniku um leið og hún sagði að við værum flottar saman.

— Settu hana á facebook og taggaðu mig, sagði ég.

— Æ, Hrafnhildur mín, hættu nú, sagði hún og kyssti mig á ennið. — Góða ferð, ástin mín og skemmtu þér vel. Farðu varlega og mundu að þakka alltaf vel fyrir þig. Svo býður þú þeim að minnsta kosti einu sinni út að borða. Það er umslag með peningum í töskunni.

Annika faðmaði mömmu og hélt henni lengi að sér og þakkaði henni fyrir að leyfa mér að koma með. Mamma gat ekki annað en tekið utan um hana á móti. Þar sem þær stóðu þarna saman

minntu þær á fréttaskot<sup>293</sup> af tveimur ólíkum dýrategundum sem hefðu ákveðið að tengjast tilfinningaböndum.<sup>294</sup> Svo sneri Annika sér að Tryggva og faðmaði hann líka. Þegar ég var í þann veginn að setjast upp í bílinn tók ég eftir því að Tryggvi horfði hlýlega til mín og þá gat ég ekki annað en snúið við og knúsað hann aðeins.

— Takk, Hrafnhildur mín, sagði hann og tók þétt utan um mig. — Farðu varlega, við viljum fá þig heila heim.

293. Fréttaskot er stutt frétt, t.d. í sjónvarpi.

294. Að tengjast einhverjum tilfinningaböndum er að finna til hrifningar og væntumþykju í garð einhvers.

Pótt farið væri að kólna vorum við varla sestar inn í bíl þegar Annika bað pabba sinn um að opna sóllúguna.

— Er ekki aðeins of kalt til þess, Annika mín?  
— Nei, nei, við kveikjum bara á hitanum hjá okkur.

Annika greip brosandí um hönd mína og ég lét það eftir henni að kreista hennar hönd á móti. Hvernig Anníku datt í hug að klæða sig kom mér endalaust á óvart. Innan undir svörtum stutt-ermabol með mynd af grátandi hauskúpu var hún í gráum langermabol þar sem búið var að klippa göt í ermarnar og næla<sup>295</sup> þau saman. Um úlnliðina var hún með þykk leðurarmbönd og um hálsinn alvöru hundaól. Buxurnar voru ekkert

295 Að næla eithvað saman er að þræða eithvað með lokanlegri nælu sem er oft kölluð sikkrisnæla eða öryggisnæla.

ólíkar mínum, nema önnur skálmin var ljós en hin svört. Annika leit á mig.

— Ég lagði aðra skálmína í klór í grækvöldi. Ég er með meiri klór ef þú vilt að ég geri þetta líka við þínar í kvöld, sagði hún og brosti vongóð til mín.

— Þetta er mjög töff en nei, takk.

Hún sýndi mér kælibox sem var fullt af gosflöskum og ávaxtasafa, sælgæti, þurrkuðum ávöxtum, hnetum og pottþétt hundrað tyggjópökkum.

— Viltu eithvað? spurði hún.

— Nei, takk, ekki á tóman maga.

— Pabbi, Hilda er ekkert búin að borða, getum við stoppað bráðum í bakaríi?

Á meðan við Anníka fengum okkur morgunmat skrapp pabbi hennar í matvöruverslun.

Í bakaríinu sagði Anníka mér hvernig mamma hennar hefði dáið og þá skildi ég betur áhuga hennar á því að við klæddum okkur eins. Hún sagði mér frá því að hún hefði í raun verið tvíburi.

Þegar mamma hennar var komin rúma sex mánuði á leið uppgötvaðist að annar tvíburinn var ekki lengur á lífi.

— Þannig að ég er sko fyrirburi og átti varla að lifa af.

— Vá, sagði ég bara.

— Systir mín dó sem sagt.

— Ég skil.

— Hún var rauðhærð eins og þú. Það eru sko til margar myndir af henni sem ég get sýnt þér seinna, sagði hún næstum stolt.

Við þögðum á meðan við fíktuðum við köku á diskunum okkar.

— Dó mamma þín þá þegar þú fæddist? spurði ég hikandi.

— Nei. Það var þegar ég var fimm ára. Þá missti hún fóstur heima hjá okkur. Og þá upp-götvaðist líka að hún var með stórt æxli í móðurlífinu.<sup>296</sup> Hún dó nokkrum vikum seinna.

Krabbameinið var næstum því komið út um allt. — Mér þykir leitt að þú skyldir hafa misst mömmu þína svona ung.

— Það barn var líka stelpa, sagði hún og andvarpaði. — Mamma var bara komin svona

<sup>296</sup> Móðurlíf, einnig kallað leg, er líffæri í lílkama kvenna þar sem börn verða til og þroskast fram að fæðingu.

fjóra mánuði á leið, svo barnið var bara þínu-lítið, þannig að það var ekkert jarðað eða svoléiðis. Mamma var líka svakalega veik.

— Takk fyrir að segja mér frá þessu öllu, sagði ég og varð hugsað til mömmu.

Mér leið ótrúlega illa yfir því hvað ég var búin að vera leiðinleg og pirruð við hana. Ég ákvað ég að senda henni falleg skilaboð á hverjum degi í frínu.

— Þótt enginn hafi alveg sagt mér það, hélt Annika áfram, — þá held ég að pabbi hafi alltaf kennt sjálfum sér um að hafa ekki fattað fyrr að mamma væri veik. Ég meina, hann er sko læknir.

— Er hann krabbameinslæknir?

— Nei, barnalæknir. Hann elskar börn.

Mig langaði að segja eitthvað fallegt við Anniku. Hún hafði örugglega verið einmana og í þörf fyrir góða vinkonu áður en hún hitti mig.

Kannski var hún líka hrifin af mér en núna fannst mér það ekki skipta máli.

— Annika, sagði ég hikandi. — Takk fyrir að hafa ákveðið að verða vinkona mín. Eiginlega veit ég ekki hvernig allt hefði farið ef ég hefði

ekki kynnst þér. Ég er ofsalega þakklát fyrir vináttu okkar.

— Ertu að meina þetta? sagði hún, setti stút á munninn og hallaði höfðinu örlítið.

— Já, algjörlega.

— En sætt, sagði hún og lagði hönd á hjarta sér.

— En Annika, sagði ég, — þú veist vel að ég verð sko aldrei systir þín og ... ég verð heldur aldrei kærastan þín.

— Ég veit, sagði hún, setti upp skeifu og dró höndina hægt til baka. — En það er líka allt í lagi. Við verðum samt alltaf vinkonur. Þú hugsar öðruvísi en hinar vinkonur mínar og ert miklu rólegri og þess vegna ertu eiginlega besta vinkona mín.

Við sátum þögular í smástund en svo var eins og gamla Annika vaknaði á ný.

— Heyrðu! sagði hún ákóf. — Við verðum að ná pabba áður en hann klárar að kaupa í matinn. Annars kaupir hann bara eitthvert ógeðslegt grænmeti og fisk. Ég verð að fá kjöt, kartöflur og nóg af snakki.

Á leiðinni í bílnum virti ég fyrir mér útsýnið. Haustiitirnir gerðu allt fallegra og ég naut þess að sjá nýtt umhverfi. Þótt kominn væri október gátum við samt borðað úti þar sem við stoppuðum. Á eftir sátum við Annika saman undir teppi, tókum af okkur selfi og hámuðum í okkur ís. Umhverfið var magnað og ég sendi mynd af okkur til ömmu og pabba á messenger: *Ástarkveðjur úr Svartaskógi.*

Áður en ég fór út hafði ég kennt ömmu á messenger og hún sendi mér oft myndir og ég henni. Þráðurinn hans pabba var allur í fjallamyndum sem ég svaraði með því að senda myndir af mat, útsýninu úr herbergisglugganum mínum eða sjálfsmyndir. Ég hafði oft talað um Anniku við pabba en ekkert sérstaklega nefnt að hún væri pönkaraleg og reykti. Við ömmu hafði ég bara sagt að ég ætti góða vinkonu og að

pabbi hennar væri lækni. Amma svaraði: *Er þetta þessi Annika? Erðu þið einar? Frá pabba fékk ég: Hvar ertu ljónynjan mín? Falleg föll.*

Ég skrollaði upp og niður eftir skilaboðapræðinum okkar pabba og þegar ég sá myndir af honum helltist yfir mig vanlíðan. Nú fyrst gerði ég mér grein fyrir að hann hafði ekki hugmynd um að ég væri í tveggja vikna haustfrú með Anniku og pabba hennar. Gat verið að ég væri að fjarlægjast<sup>297</sup> hann? Af hverju hringdi hann ekki oftar? Pabbi Anniku sat með kaffibolla og bók og brosti til okkar. Ég brosti á móti eins og allt væri í besta lagi. En akkúrat núna yrði ég að heyra í pabba svo ég stóð upp. Hann svaraði strax en það voru læti bak við hann.

— Pabbi, ertu þarna?

— Hæ, Hrafnhildur mín?

— Hæ.

— Takk fyrir myndina, elskan. Ertu á ferðalagi?

— Já, ég er á leiðinni í Svartaskóg með Anniku.

— Í dagsferð?

297 Að fjarlægjast einhvern þýðir að verða með tímanum ekki jafn náinn manneskjunnri og áður.

— Nei, það er sko haustfrí í tvær vikur.  
 — Nú, í heilar tvær vikur?  
 — Já, á ég að hringja seinna?  
 — Nei, nei, við erum á heimleið.  
 — Já, hérna, ég ætlaði sko að segja þér það en það er bara búið að vera svo mikið að gera. Já, og svo var ég líka veik.

— Hvað var að?

— Eða ég var sko bara alveg rosalega þreytt.

— Ég skil. Mamma þín sagði mér ekkert frá því.

— Þetta var bara einn dagur. Ég svaf sko í fjórtán tíma.

— Ég meina þetta með fríð. En ertu búin að jafna þig?

— Já, ég er bara fín, hálfhvíslaði ég.

— Er eitthvað að trufla þig, lambið mitt?

Ég horfði niður dalinn á bíla fulla af fólki þjóta áfram í rétta átt. En ekki ég. Ég var á röngum stað á röngum tíma. Mér leið eins og þegar ég var níu ára og mamma og pabbi nýskilin.

— Þú gætir kannski hætt að kalla mig alltaf lambið þitt, eins og ég sé bara eitthvert dýr.

Svo fór ég að hágráta.

- Æ, elsku besta lambið mitt.
- Þú hringir svo sjaldan og veist næstum aldrei hvað er að gerast í lífi mínu. Ég hefði alveg getað komið heim í tvær vikur í stað þess að vera á leið í bústað í Pýskalandi. Það er bara stundum eins og þú sért ekki til.
- Það leið löng stund áður en hann svaraði.
- Hrafnhildur mín ... sko ...
- Sko hvað?
- Ég vildi gefa þér tíma til að finna þig almennilega þarna úti og ...
- Hefðir þú eitthvað vilja hafa mig heima?
- Auðvitað hefði ég viljað fá þig heim í fríinu.
- Nei, ég meina alveg. Sko alveg, alveg.
- Við tók önnur löng þögn. Ég heyrði þabba kyngja og andvarpa og kyngja aftur. Að lokum sagði hann:
- Hvað fær þig til að hugsa um þetta núna?
- Bara.
- Bara hvað?
- Bara ýmislegt, það er fullt af þöbbum sem eru einir með börnin sín en þú talaðir aldrei um að það væri möguleiki.

- Ég skil hvað þú ert að fara.
- Og hvað? Hefði ég getað verið hjá þér í vetur?
- Enn ein þögnin.
- Einhvern veginn útilokaði ég það.
- Út af hverju?
- Mamma þín vildi hafa þig og ... eh ... ætli ég sé ekki líka of fastur í mínu. Ætli mamma þín myndi ekki kalla það sjálfsselsku.<sup>298</sup>
- Ertu að meina fjöllin?
- Já, þessi eilífu ferðalög. Ég á erfitt með að binda mig við einn stað. Fyrirgefðu, Hrafnhildur mín. Ég sakna þín ógurlega mikið og er alltaf með steininn sem þú gafst mér í úlpuvasanum.
- Ég heyrði að rödd hans var við það að bresta.<sup>299</sup>
- En næsta vetur, pabbi, gæti ég þá verið hjá þér?
- Viltu það, elskan?
- Veit það ekki alveg. En mamma vill að ég taki stúdentspróf og það er mjög flókið hérna úti.

<sup>298</sup> Ef fólk er sjálfsselskt hugsar það mikið um sjálft sig og hvað sé best fyrir það sjálft en tekur lítið tillit til annarra.

<sup>299</sup> Að bresta þýðir það sama og að brotna, eða gefa sig, missa kraft sinn.

— Eigum við ekki að ræða þetta betur seinna, lambið mitt?

Annika var staðin upp og horfði áhyggjufull á mig. Dietrich gekk til okkar og bað hana að setjast aftur niður.

— Jú, en ég er líka stundum svo hrædd um að eitthvað hræðilegt komi fyrir þig, pabbi. Pabbi hans Akams var sko örugglega drepinn.

— Er það Kúrdinn?

Ég sagði honum að ég héldi að Akam væri lagður í einelti og frá heimadæmunum en minntist hvorki á Thomas né Günther.

— Mikið óskaplega hlýtur þú að hafa þroskast mikið. Það er gott að berjast fyrir réttlæti en mundu að þú ein bjargar ekki heiminum, sagði pabbi rétt áður en við kvöddumst.

Annika var lögst í fangið á pabba sínum þegar ég kom til baka. Ég þráði að einhver tæki utan um mig en gat ekki beðið um það.

— Fyrirgefðu vesenið á mér, sagði ég.

— Ég varð bara að tala við pabba og segja honum dálítið.

— Ekkert mál, vinan, sagði Dietrich.

Annika gekk að mér og faðmaði mig að sér eins og leðurblaka<sup>300</sup> með ullarteppinu. Svona var Annika og á þessu augnabliki var ekkert betra en hlýja hennar.

— Ég held að ég skilji alveg aðeins hvernig þér líður, hvíslaði hún.

Meðan við ókum síðasta hluta leiðarinnar sofnaði ég með höfuðið á öxl Anniku.

Eftir eina nótt í flotta fjallabústaðnum þeirra var ég næstum búin að gleyma skólanum og öllum áhyggjum. Við Annika sváfum í sama herbergi alla ferðina og töluðum eða hlógum okkur í svefn. Við fórum í hjólatúra og fjallgöngur og borðuðum grillmat næstum öll kvöld og hvítt brauð með nútella alla morgna. Síðasta daginn fórum við í tívolígarð og óskruðum af spenningi í hröðustu tækjunum.

Ekkert var minnst á Akam, Albert eða Günther. Heldur ekki Thomas. Samt hugsaði ég oft til Akams.

<sup>300</sup> Leðurblaka er eina spendýrið sem getur flogið.

Þegar við komum heim beið okkar veisla hjá mömmu og Tryggva með íslenskum lambahrygg. Dietrich hældi<sup>301</sup> matnum aftur og aftur. Mamma heilsaði okkur á þýsku þegar við komum.

— Nei, sko, þú hefur bara bætt þig í þýsku á stuttum tíma, sagði ég.

— Og þú ert að verða kaldhæðnari en pabbi þinn, svaraði mamma brosandí.

Við Annika héldum áfram að hlæja og hlæja svo mamma gat ekki annað en smitast af galsanum<sup>302</sup> í okkur.

— Ósköp var gaman að sjá þig svona glaða í kvöld, ástin mín, sagði hún eftir að feðginin voru farin og kyssti mig góða nótt. — Mér líst betur og betur á Anníku. Takk aftur fyrir öll fallegu skilaboðin. Ætli við verðum ekki bara bestu vinkonur með aldrinum, sagði hún.

Ég sofnaði sátt og hafði ekki hugmynd um hversu örlogaríkur<sup>303</sup> næsti dagur yrði.

301 Að hæla einhverju eða einhverjum er það sama og að hrósa. segja eitthvað gott og jákvætt.

302 Galsi er nokkurn veginn það sama og fjör eða gleði.

303 Örlogarík/örlogaríkur þýðir mjög mikilvæg/mikilvægur, eitthvað sem skiptir miklu máli eða hefur áhrif á líf einhvers.

Á leiðinni í skólann fyrsta daginn eftir haustfríð hlakkaði ég til og kveið fyrir að byrja aftur.

Í tvær vikur hafði ég bara talað þýsku svo ég hafði bætt mig heilmikið. Stundum hugsaði ég á þýsku. Í dag myndi ég kannski loksins skilja næstum því allt.

Í fyrsta tímanum, sögu, skilaði Heinz-Otto verkefnunum. Auðvitað þurfti ég að svara nokkrum spurningum fyrir framan bekkinn. Ég náði að segja á þýsku, án þess að hika, að Merkel og Katrín væru góðir stjórnendur í krísu.<sup>304</sup>

— Katrín hefur barist fyrir mannréttindum minnihlutahópa eins og samkynhneigðra.<sup>305</sup> Mér finnst hún mjög réttsýn.<sup>306</sup>

304 Krísa þýðir vandræði, þegar mikið er um vandamál og áskoranir í lífinu.

305 Samkynhneigðir hrífast kynferðislega af manneskjum af sama kyni.

306 Að vera réttsýn/réttsýnn er nokkurn veginn það sama og að vera réttlát/réttlátur, að taka tillit til annarra.

Allur bekurinn þagði, kannski hafði ég hljómað of montin. Ég bætti því við:

— Merkel er örugglega lík henni. Þær eru báðar sterkir kvenleiðtogar.

Heinz-Otto kinkaði kolli en þegar hann spurði hvort það væri virkilega rétt að Katrín byggji í fjölbýlishúsi, notaði sama þvottahús og allur stigagangurinn og tæki stundum til í ruslatunnugeymslu hússins sagðist ég ekki vera aiveg viss.

— Það eiga þær þá ekki sameiginlegt, sagði hann hlæjandi og bætti svo við. — Virkilega vel gert.

Ég las yfir umsögnina sem fylgdi með: *Vandað og vel unnið verkefni*. Ég roðnaði og hjartað í mér tók kipp.

Ánægð með mig gekk ég út í frímínútur með skólatöskuna á bakinu þar sem næsti tími var kenndur í öðru húsi. Kannski yrði ég einhvern tímann blaðamaður, kennari eða stjórnmálamaður, jafnvel mannréttindalögfræðingur, hugsaði ég dreymin. Ég þakkaði Anniku aftur fyrir alla hjálpinu. Hún lagði handlegginn yfir

axlirnar á mér. Á skólalóðinni hittum við Söru og Ingrid, stelpurnar sem við höfðum hitt niðri í bæ daginn sem ég fékk hælssærið. Annika sagði þeim frá verkefningu og endurtók söguna um Katrínu og ruslatunnugeymsluna.

— Mig langar geðveikt mikið til Íslands, sagði hún og klappaði saman höndum.

— Kúl, sagði Sara áhugalaus og fór að segja okkur frá tattúu sem hún hafði fengið sér í leyfisleysi.

Hún fletti upp peysunni og beygði sig til að sýna okkur litríkan skröltorm<sup>307</sup> með opið gin<sup>308</sup> yfir rassaskorunni á henni.

— Vá, hvernig datt þér þetta í hug? sagði ég hneyksluð.

Ég hafði varla sleppt orðinu þegar ég sá Akam koma út úr skólanum. Günther og Albert gengu á eftir honum. Ég rétt svo heyrði þegar Ingrid sagði að það væru bara skræfur sem ekki fengju sér tattú. Raddir stelpnanna fjarlægðust á meðan ég fylgdist með strákunum. Fremstur gekk Akam

307 Skröltormur er eitruð slanga sem lifir í Ameríku.

308 Gin er munnur á dýrum.

sem snéri sér öðru hverju við og sagði eitthvað. Günther kom næstur og sveiflaði oft hægri hendi út til hliðar á meðan hann talaði. Albert glotti eða hló að öllu sem þeir sögðu.

Akam gekk ekki að skotinu heldur þvert yfir skólalóðina og alla leið að girðingunni. Hann leit í kringum sig eins og hann væri að vonast eftir hjálp. Tveir kennarar voru á skólalóðinni en gerðu ekkert.

— Hilda, Hilda, ertu hérna? heyrði ég Anníku segja. — Ingrid var að spyrja hvort þú ætlir einhvern tímann að fá þér tattú?

— Ha, já, nei, ég held ekki.

— Ég er búin að lofa pabba að gera það ekki fyrr en ég verð átján, sagði Anníka.

Svo héldu stelpurnar áfram að tala saman.

Günther hallaði sér að Akam sem var klesstur upp við girðinguna. Hann var stjarfur í framan. Günther var með vísifingur á lofti. Ég heyrði ekki í stelpunum þótt þær stæðu við hliðina á mér. Mér leið eins og mér hefði verið stungið í samband við rafmagn. Ég sá Akam gretta sig og

að Günther stóð með annan fótinn ofan á skótá hans. Hægri hönd Günthers var þétt við Akam og þegar ég sá glampa á hnífsblað lagði ég af stað í áttina til þeirra. Ég fann líkamann hreyfast, ég var dofin<sup>309</sup> en á sama tíma eins einbeitt og ákveðin og hugsast gat. Mér leið eins og ég væri ekki hluti af sjálfri mér en hefði á sama tíma fullkomna stjórn yfir mér.

— Ekki! heyrði ég Anníku kalla í fjarska.

Ég leit við og sá Anníku en hún var mér gjörsamlega ókunn á þessu augnabliki. Með báðar hendur um höfuð sér sá ég hana falla á hnén. Ég hélt áfram og kom mátulega til að heyra hvað Günther sagði við Akam.

— Ætla þú, litla ógeðið þitt, að deyja úr sama aumingjaskapnum og pabbi þinn?

Þá réð ég ekki við mig.

Kannski, þegar ég lagði af stað, ætlaði ég að segja þeim að láta hann í friði, að einfaldlega drulla sér í burtu. En ég sagði ekki neitt. Ég missti stjórn á mér. Eða fékk ég stjórnina yfir sjálfri mér?

309 Að vera dofin/dofinn er að finna minna fyrir líkamanum og öllu í kringum sig.

Ég henti af mér skólatöskunni og greip í kragann á jakka Günthers og togaði eins fast og ég gat. Hann togaði á móti. Ég togaði fastar og fastar. Hann tók að bakka og mér létti ofboðslega þegar hann fór að halla. Svo féll hann niður og var þá orðinn blár í framan. Ég vissi að ég mætti ekki gera það sem ég gerði næst. En ég gerði það samt. Ég steig með skónum ofan á úlnliðinn á honum og settist ofan á hann. Prýsti hnjúnum ofan á upphandleggi hans og keyrði báða framhandleggi mína upp undir hókuna á honum. Svo skipaði ég honum að sleppa hnífnum. Það var ekki fyrr en hann fór að blána enn meira og tútna út í framan sem hann lét undan.

— Láttu Akam í friði! Öskraði ég með andlitið upp við hans.

Ógeðsleg svitafýlan og ögrandi augnaráðið var sem olía á eld reiði minnar. Hann djöflaðist undir mér og þegar ég fann tak mitt á honum losna heyrði ég sjálfa mig öskra:

— Taktu hnífinn, Akam! Núna!

Og ég öskraði aftur. Hærra, á meðan ég horfði á hnífinn í heila eilífð. Ég öskraði og öskraði og

reyndi af öllum kröftum að halda Günther niðri. Hægri handleggur hans var að losna. Nú öskraði ég eins hátt og ég gat.

— Takið hnífinn!

Albert mun ég aldrei skilja. Ég man eftir dúndrandi þrýstingi í höfðinu á mér, logandi sviða niður eftir vinstri vanganum og söltu blóðbragðinu þegar ég sá hann liggja stynjandi á maganum. Mér tókst að leggjast ofan á hann og grípa hann þétu hálstaki.

— Stoppaðu nú, Hrafnhildur! Það eru allir að koma!

Akam stóð grátandi yfir mér. Þá var eins og ég áttaði mig. Hægt og rólega losaði ég takið og fann að Albert myndi ekki reyna meira. Hann andaði óreglulega.

— Þið látið Akam í friði hér eftir, sagði ég og stóð stíðlega á fætur.

Það var eins og vinstri mjöðmin á mér væri að fara úr liði.

— Er það skilið?

Albert starði út í bláinn. Nú sá ég alla sem höfðu komið til að horfa á slagsmálin. Ingrid og Sara voru í sjokki. Anniku og Günther sá ég hvergi. Við aðaldyr skólans stóð hópur kennara og benti hingað og þangað og svo gengu þau ákveðið í áttina til okkar. Herr Schmidt fremstur.

Annika tók hann. Annika hrifsaði hnífinn til sín rétt áður en Albert reyndi að stíga á hann. Hann missti af hnífnum en hann náði að sparka ógeðslega fast í höfuðið á mér. Ég ætlaði að senda Anniku hughreystandi bros af því að hún var alls ekki með sjálfri sér. Þá kom fótur á flugi við vinstri hlið mér og það næsta sem ég vissi var að ég lá undir Albert og sá allt í móðu. Ég hélt að höfuðið á mér myndi springa. Nú dey ég, náði ég að hugsa. Günther kemur og þeir slátra mér.<sup>310</sup>

En það birtist enginn Günther.

Albert lyfti hnefanum og ég bjó mig undir að kveðja þennan heim. En þá var eins og Akam kæmi fljúgandi og það næsta sem ég vissi var að ég sá Akam og Albert liggja á jörðinni við hlið mér. Hvernig ég náði að velta mér við á undan

310 Að slátra dýri þýðir að drepa það og tilreiða kjötið til neyslu, en að slátra einhverjum getur líka verið að berja hann til óbóta, jafnvel til bana.

Dagar mínir í þessum skóla voru taldir,<sup>311</sup> nú færi ég heim til þabba. Albert snökti.<sup>312</sup> Ég beygði mig stíðlega niður að honum, horfði í augu hans og sagði:

— Er það skilið?

— Já, umlaði hann.

Svo sótti ég skólatöskuna en hafði enga orku til að sveifla henni upp á bakið á mér. Ég gekk að Ingrid.

— Hvar er Annika?

— Hún hljóp með hnífinn yfir skólalóðina og svo inn í skólann, sagði hún skjálfandi.

— En Günther?

— Hann elti hana en þegar hún fór inn í skólann hljóp hann í burtu.

— Skræfa!

Hópurinn nálgast. Ég sneri mér að Akam.

— Fyrirgefðu! Sökin er mín. Fyrirgefðu!

Svo gekk ég af stað. Náði í hjólið og teymdi það við hlið mér. Yfir mig helltist brjáláður

311 Þegar dagar manneskju eru taldir þá þýðir það að hún sé búin að vera, eigi enga von, eigi í raun ekki von um fleiri ævidaga.

312 Að snökta er að gráta aðeins.

doði.<sup>313</sup> Sársaukinn dofnaði örlítið. En ég var ekkert hrædd og var viss um enginn myndi elta mig. Ég mætti fólki sem leit skelkað<sup>314</sup> á mig en mér var skítsama. Ég hafði ekkert að skammast mín fyrir. Ég var ekki einu sinni hrædd við að mæta mömmu.

Ekkert gat orðið verra og ekkert betra.

Nú var ég bara ég og aldrei frá því ég kom til Þýskalands hafði ég verið sáttari við sjálfa mig og bara aldrei, aldrei fyrir.

Það var stutt eftir heim þegar ég tók eftir Akam.

Hann gekk nokkrum skrefum fyrir aftan mig enn hágrátandi. Við gengum þögul saman síðasta spölinn. Þegar ég stakk lyklinum í skrána rauf Akam þögnina.

— Takk, Hrafnhildur, fyrir það sem þú gerðir í dag þótt ég viti ekki hvort það hafi verið rétt.

— Ég veit það ekki heldur, sagði ég. — En það var nauðsynlegt.

313 Doði merkir daufar tilfinningar eða tilfinningaleysi.

314 Að vera skelkuð/skelkaður merkir að vera smeypk/smeypkur eða hrædd/hræddur og jafnvel líka hissa.

— Djöfulsins lygarar, sagði ég og teygði mig í stóran poka af klökum í frystinum sem ég skellti á eldhúsbordid.

Ég benti Akam á að fá sér sæti og lagðist svo með höfuðið á pokann og fann þá fyrst fyrir svímanum.

— Leyfðu mér að sjá, sagði mamma. — Brotinuðu í þér einhverjar tennur? Þú hlýtur að vera með skurð á enninu.

Ég ætlaði að segja eitthvað en átti erfitt með að einbeita mér. Ég var alveg að sofna.

— Jesús, Hrafnhildur mín. Við þurfum að fara strax upp á spítala.

— Nei, þá verð ég kærð.<sup>317</sup> Eða það held ég. Þú vilt ekki að ég verði kærð fyrir líkamsárás, er það nokkuð?

— Er það þá rétt að þú hafir ráðist á þá? Segðu mér hvað gerðist.

— Ekki núna, mamma, en þetta er Akam, sagði ég og benti í átt að honum. — Hann er vinur minn, ekki senda hann heim.

317 Að vera kærð/kærður þýðir að einhver hafi tilkynnt yfirvöldum, oft lögreglu, að manneskja hafi mögulega framið lögbrot.

Mamma var í símanum þegar við komum inn.

Náfið í framan stóð hún fínt klædd með bíllyklana í annarri hendinni og símann í hinni.

— Takk, sagði hún daufllega á ensku. — Ég hef samband síðar.

Svo leit hún skelfingu lostin<sup>315</sup> á mig.

— Guð minn almáttugur! Hrafnhildur!

— Nú geturðu verið stolt af mér. Loksins gerði ég eitthvað sem skiptir máli, sagði ég, gekk fram hjá henni og benti Akam á að fylgja mér inn í eldhús.

Skellirnir í skóhælum mömmu eltu okkur.

— Ertu orðin snarrugluð,<sup>316</sup> barn? Réðstu á tvo drengi með hníf að vopni á miðri skólalóðinni?

315 Að vera skelfingu lostin/lostinn er að vera mjög óttaslegin/óttasleginn, mjög taugastrekt/taugastrektur.

316 Snarrugluð/snarruglaður þýðir mjög rugluð/ruglaður, klíkkuð/klíkkaður.

Ég vissi varla hvort ég svaf eða vakti.

— Hæ, sagði mamma þurrlega og rétti honum eldhúsrúllu.

Dyrabjöllunni var hringt. Mamma talaði við einhvern á lélegri þýsku og sagði ýmist *Ich weiß es nicht* eða *Kann sein*.

— Hver er þetta? ætlaði ég að kalla fram en heyrði varla í sjálfri mér. — Ekki hleypra neinum Günther né Thomasi inn, umlaði<sup>318</sup> ég á meðan ég horfði á Akam í móðu.

Þetta var flísatangarmaðurinn og ég man eftir sprittlyktinni þegar hann setti leðurtösku á borðið og bað mig að snúa höfðinu til að geta skoðað sárið. Ég man að hann sagðist vera tannlæknir og að þetta væru ekki nema tólf spor. Ég heyrði hann segja að sennilega hefði ég fengið heilahristing<sup>319</sup> og biðja um leyfi til að sauma sárið saman hér og nú. Ég man þegar ég lá á hvítu laki á borðstofuborðinu og bað mömmu að hringja í Anníku og pabba hennar.

318 Að umla er að tala mjög lágt og óskýrt.

319 Heilahristingur er áverki/meiðsl á heila sem verður við höfuðhögg.

— Hann er læknir. Ekki segja pabba frá þessu. Ég ætla að útskýra þetta fyrir honum sjálf. Svo leið ég út af.

Þegar ég vaknaði lá ég í hjónarúmi mömmu og Tryggva. Mér var brjálæðislega illt í höfðinu og mér fannst ennið ætla að springa. Ég fann fyrir umbúðum á andlitinu og það var vont að opna munninn. Þá rifsaðist allt upp fyrir mér. Verkirir í mjöðminni og öxlinni höfðu versnað. Frammi heyrði ég Tryggva og Dietrich tala saman á ensku, mamma talaði í símann á íslensku, líklega við Þórhildi. Hún myndi róa hana. Ég reyndi að standa upp en gat það ekki. Ég kallaði á Tryggva. Augnabliki síðar birtist Annika grátbólgin í gættinni.

— Hæ, sagði ég og þekkti varla rödd mína.

— Hæ, sagði hún og kom nær.

— Hvar er Akam? spurði ég.

— Tryggvi keyrði hann heim, það er allt í lagi með hann, sagði hún, settist á rúmstokkinn og greip um hönd mína. — Hann verður heima þessa vikuna, eins og þú.

- Hvað gerðist eftir að þú tókst hnífinn?
- Ég hljóp með hann inn til Heinz-Ottos. Hann lét stjórnendur vita af slagsmálunum. Günther náði mér ekki, sagði hún næstum stolt.
- Ég er búin að segja mömmu þinni hvað gerðist. Hún ætti eiginlega að vera hreykin<sup>320</sup> af þér.
- Glætan, sagði ég og bætti svo við: — Ég vissi ekki að þú kynnir að hlaupa.

Pegar ég reyndi að brosa stríðnislega teygði það óþægilega á andlitinu.

- Þú fékkst heilahristing, sagði Annika alvörugefin. — Við erum búin að vekja þig nokkrum sinnum til að vita hvort það sé í lagi með þig.
  - Sem er reyndar ekki tilfellið.
  - Þú ert búin að segja svona tuttugu sinnum við pabba: Þegiðu Dietrich, þú skilur ekki neitt og leyfðu mér að sofa í friði.
  - Úps, sagði ég og skammaðist mín ferlega mikið.
- Annika hló.
- Svo talaðir þú á íslensku. Já, og svo spurðir þú líka alltaf um Akam. Þá vorum við viss um að

320 Að vera hreykin/hreykinn er að vera stolt/stoltur.

þú værir í lagi, sagði hún og brosti. — Þú ferð í myndatöku á eftir, til öryggis.

- En Annika, vissir þú alltaf hvað var í gangi með strákana?
- Nokkurn veginn, sagði hún og leit niður.
- Ókei, sagði ég og sleppti hendi hennar.
- Þetta hefði getað farið miklu verr, bætti hún við og fór að gráta.
- Þetta var vonandi allt þess virði, sagði ég, lokaði augunum og tók aftur í hönd hennar.

Daginn eftir birtist mamma næstum stjórf af hraðslu með tvo lögreglumenn.

- Þú hlýtur að eiga rétt á að tala ensku eða hafa einhvern hjá þér sem talar þýsku, sagði hún.
- Vert þú bara hjá mér, sagði ég.

Hún settist á rúmstokkinn og greip titrandi í hönd mína. Ég sagði eins satt frá og ég gat en átti erfitt með að trúa því að þetta hefði komið fyrir sjálfa mig.

Næstu þrjú daga lá ég mestallan daginn í rúminu. Það var erfitt að snúa höfðinu vegna sársauka. Dietrich kom með kraga og sagði að

ég yrði að komast í sjúkrahjálfun, <sup>321</sup> ég væri óbrotin. Tryggvi flutti upp í mitt herbergi á meðan mamma svaf við hliðina á mér. Viðbrögð skólans voru þau að ég myndi ekki mæta fyrr en fundur yrði haldinn um þennan *leiðmlega atburð* eftir tíu daga.

— Ekki tæki þetta svona langan tíma heima, sagði mamma.

— Það er samt ekkert endilega allt betra þar, svaraði ég.

— Þetta er örugglega bara smá fundur.

— Kannski, sagði ég en efaðist um það. — Þetta er sko ekkert eins og heima ef þú heldur það.

Akam var líka sendur í frí. Albert og Günther höfðu ekki sést í skólanum.

— Þú veist að Herr Schneider

stærðfræðikennari er frændi hans Günthers, sagði Annika einn daginn.

— Þú lýgur, sagði ég æst.

321 Sjúkrahjálfun er endurhæfing fyrir fólk sem hefur slasast eða veikst.

Á fjórða degi fór ég loksins að hressast. Ég hafði ekki enn treyst mér til að hringja í pabba svo mamma gerði það.

Ég hlustaði á örugglega innilegasta símtal sem þau höfðu átt í langan tíma.

—Takk, Unnsteinn minn, sagði mamma oft og mörgum sinnum. — Auðvitað stöndum við saman.

Þurfti ég virkilega að lenda í slagsmálum til að foreldrar mínir gætu talað saman eins og fólk?

Ég gat ekki einu sinni talað við Lindu og það því mömmu um að hringja í Ásgerði mömmu hennar. Linda sendi mér endalaust mörg falleg skilaboð sem ég svaraði með hjörtum eins og skilaboðunum frá pabba.

Heidi kom oft með mat fyrir okkur öll og bólgueyðandi olfur sem hún bar á meiðslin. Hugrún og Auður gáfu mér teikningar af blómum og hjörtum. Þær vildu alltaf vera að strjúka mér og kyssa, jafnvel meira en ég kærði mig um.

Á fimmta degi hringdi Heinz-Otto í mömmu en fljótlega rétti hún Tryggva símann.

- Tala þú við hann.
- Af hverju? spurði ég hessa.
- Tryggvi fer með þér á fundinn. Ég verð farin til Köben, þú manst, sagði mamma ögn skömmustuleg.

— Þú kannt að forgangsraða,<sup>322</sup> sagði ég og fór í fyrsta skipti í langan tíma upp í herbergið mitt.

— Hrafnhildur mín, sagði mamma mæðulega. Hvernig gat mömmu dottið í hug að fara í skemmtiferð til útlanda þegar það átti að reka mig úr skóla? Fyrst varð ég bálreið en þegar ég hugsaði málið betur sættist ég á þetta.<sup>323</sup>

Kannski var jafn gott að hafa Tryggva með sér, hann var þó orðinn skárri en hún í þýsku.

Þegar ég kom aftur niður var Tryggvi alvarlegur á svipinn.

- Af hverju hringdi hann ekki bara í mig? spurði ég.

322 Að forgangsraða er að ákveða í hvaða röð maður gerir hlutina, til þess að geta gert það mikilvægasta fyrst.

323 Að sættast á eitthvað er að samþykkja það þótt maður sé ekki endilega alveg ánægður með það.

- Það má víst ekki.
- Hvað sagði hann?
- Hann sagðist treysta þér betur en nokkrum öðrum í svona málum.
- Hann er líka alveg fínn, sagði ég og fékk kvíðahnút í magann.<sup>324</sup>
- Lögreglan er að skoða þetta og er að reyna að finna einhvern Thomas. Og finna út hver átti hnífinn.

— Günther hlýtur að hafa átt hann.

— Það kemur sennilega í ljós.

— Annars fer ég bara heim til Íslands, sagði ég eins og mér væri alveg sama en fann að það var nokkuð sem mig langaði minna og minna til að gera.

Allavega vildi ég ekki láta reka mig heim fyrir það að hafa ekki staðið mig nógu vel í nýju landi.

324 Að fá kvíðahnút í magann er að finna fyrir mikilli spennu í kvíðnum/maganum vegna streitu eða kvíða.

Það var Annika sem sagði mér hver refsingin gæti orðið.

— Það er mögulegt að þú verðir rekin alveg eða tímabundið,<sup>325</sup> eða þurfir að fara á heimili fyrir vandræðanglinga.<sup>326</sup>

— Ha! En Albert? Og hvað með Günther? En Akam?

— Það kemur bara í ljós. Þeir þurfa örugglega líka að fara á fund. Eða ég held það sko.

— Ég er enginn vandræðanglingur, sagði ég æst.

— Ég veit.

— Hefur þú eitthvað séð Thomas? spurði ég.

— Nei, hann lætur sig alltaf hverfa í langan tíma með allan peninginn þegar eitthvert vesen

325 Tímabundið þýðir að eitthvað gildi í ákveðinn tíma.

326 Vandræðanglingur er orð sem hefur verið notað um ungt fólk sem ekki hagar sér eins og skólar, fullorðið fólk og kerfið ætlast til.

kemur upp. Pabbi hans býr í Berlín og stundum er hann þar. Eða það segir Günther að minnsta kosti.

— Talar þú enn við Günther?

— Nei, eiginlega ekki, sagði Annika og leit niður.

— Eitthvað? spurði ég ákveðið.

— Aðeins. Hann hefur eitthvað verið að hóta mér á snappinu en ég hef ekki svarað því. Hafðu ekki áhyggjur af honum. Hann er meinlaus<sup>327</sup> aumingi án Thomasar.

Annika kom daglega í heimsókn til mín fyrir þennan örlagaríka fund með skólastjórnendum. Hún gekk um gólf og þjálfaði mig í framsögn<sup>328</sup> rétt eins og ég ætti að mæta í ræðukeppni.

— Ef þeir segja þetta, þá segir þú þetta, og ef þeir spyrja um þetta, þá svarar þú svona, og svo endurtók ég og endurtók eftir henni. — Hefur þú ekki horft á þættina *Law and Order*? spurði hún hissa.

327 Sú/sá sem er meinlaus er ekki líkleg/líklegur til að gera öðrum mein.

328 Sú/sá sem er góð/góður í framsögn hefur gott lag á að flytja texta upphátt eða halda ræðu.

- Nei, aldrei.
- Ókei, skiptir ekki máli, sagði hún og hristi höfuðið hneyksluð.
- Það er nú ekki verið að kalla mig fyrir dómara, sagði ég.
- Jú, næstum því. Og Hilda, ég heyrði að Günther mætti mæta aftur í skólann á morgun.
- Það er ósannjarnt, sagði ég hvasst.
- Ég veit það, en málið lítur þannig út að þú hafir ráðist á Günther og eiginlega líka Albert af því hann lá eftir á skólalóðinni.
- Já, en það er samt ekki rétt. Hvað segir lögreglan?
- Rannsóknin er enn í gangi, skólinn getur ekki beðið eftir þeirri niðurstöðu. Þeir skoða bara hegðun þína á skólalóðinni.
- Þetta er ógeðslega óréttlátt, sagði ég og henti mér upp í rúm.
- Ég veit, Hilda, en mig grunar að bæði Akam og Günther verði leyft að koma aftur.
- Ekki mér?
- Það fer eftir því hvernig gengur á fundinum. Stattu upp! Höldum áfram!

- Daginn fyrir fundinn vaknaði ég af hádegislúr við þunga skellina í skónum hennar Anníku. Móð og mäsandi skellti hún bunka af blöðum á bringuna á mér.
- Pabbi kom með snilldarhugmynd í gærkvöldi. Þú vitnar í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.<sup>329</sup> Hann er búinn að strika undir allar þær lagagreinar sem við gætum notað. Stattu upp!
- Glætan að ég geti endurtekið þetta. Ég skil þennan texta ekki einu sinni, sagði ég vonlítil.
- Ókei þá, sagði hún vonsvikin.
- Sorri að ég skuli vera svona vitlaus, sagði ég og horfði geispandi á Anníku þramma fram og til baka með hendi á enni sér.
- Eigið þið prentara? spurði hún.
- Já, niðri.
- Eftir nokkrar mínútur kom hún upp með annan bunka af blöðum.
- Hérna er hann á íslensku.
- En ég er ekki að fara að verja mig á íslensku.

329 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er alþjóðlegur samningur/sáttmáli sem á að tryggja börnum mannréttindi.

— En þú skilur þó íslensku og veist þá hvað þú ert að segja, sagði Annika óþolinmóð og hristi höfuðið.

Annika gaf ekkert eftir og hlýddi mér ströng<sup>330</sup> yfir það sem ég yrði að segja. Af hverju hafði ég ekki lesið þennan sáttmála fyrr?

Við fórum yfir öll atriðin sem Dietrich hafði vandlega valið úr. Fyrir mér opnaðist nýr heimur. Kannski væri gaman að vera lögfræðingur eins og mamma hennar Lindu. Ég efaðist þó um að þessi annars skemmtilega æfing í framsögn myndi nýtast mér næsta dag. En ég gat loksins hlegið aðeins, þó mest vegna ákafans í Anníku.

— Það væri gott ef þú vitnaðir í ákveðnar lagagreinar. Þau búast alls ekki við því.

Það hlakkaði í henni.<sup>331</sup>

Því betur sem ég hugsaði málið, því skynsamlegra virtist þetta plan. Í sáttmálanum stóð til dæmis að vernda skyldi börn gegn

330 Að vera ströng/strangur er að vera mjög ákveðin/ákveðinn og gefa ekkert eftir.

331 Þegar það hlakkar í einhverjum þá er viðkomandi spenntur fyrir einhverju eða ánægður með sig á kostnað einhvers annars. Hér merkir það að gleðjast yfir að geta klekkt á skólastjórnmendum og komið þeim á óvart.

ofbeldi, bæði líkamlegu og andlegu. En líka að öllum börnum skyldi veitt tækifæri til að tjá sig við málsmeðferð<sup>332</sup> fyrir dómi eða stjórnvaldi.<sup>333</sup> Dietrich hafði skrifað á spássíuna<sup>334</sup>: *Eru skólar stjórnvald? Láta reyna á.*

Ein spurning brann nú á mér: Höfðu skólastjórnmendur horft fram hjá því andlega og líkamlega ofbeldi sem Akam hafði orðið fyrir? — Segðu takk við pabba þinn, sagði ég. — Ég efast samt um að ég komi þessu að.

— Reyndu, sagði Annika sem var komin með dökka bauga<sup>335</sup> undir augun.

— En vildi Herr Schmidt ekki tala við þig til að heyra sannleikann? spurði ég.

— Nei, Hilda. Þú verður sjálf að snúa örlögum<sup>336</sup> þínum við. Buffaðu Günther, buffaðu

332 Málsmeðferð er þegar fjallað er um ákveðið mál fyrir einhvers konar úrskurðarnefnd eða dómi.

333 Stjórnvald er stofnun eða embætti sem hefur völd til að taka mikilvægar ákvarðanir.

334 Spássía er svæðið sitt hvorum megin við textann á hverri síðu, eins og á þessari síðu.

335 Maður fær dökka bauga undir augun vegna mikillar þreytu og svefnleysis.

336 Örlög eru aðdrif, það hvernig fer fyrir manni, það sem er fyrir fram ákveðið.

Herr Schmidt! Þau eiga það svo sannarlega skilið. En auðvitað þarftu að biðjast afsökunar á hegðun þinni og segja að þú berir mikla virðingu fyrir skólanum og bla, bla, bla. En ég get ekki hugsað mér að missa þig, sagði hún svo kjókrandi. — Svo þú bara verður að standa þig.

Mamma flaug til Köben kvöldið fyrir fundinn. Hún leitaði lengi að Boss-slæðunni sem ég hafði gefið Ase. Loks fann ég til fallegu slæðuna sem Ase gaf mér og vafði henni um höfuð mömmu. Ase vissi af fundinum, enda höfðum við spjallað heilmikið saman.

— Ég held ég hafi hana frekar um hálsinn, elskan, sagði mamma og horfði á mig þungt hugsí.

— Allt í lagi, sagði ég. — Með þessa um hálsinn verður þú nær mér á morgun, hvíslaði ég og þakkaði henni fyrir alla umhyggjuna.<sup>337</sup>

Mamma táraðist og ég faðmaði hana að mér.

— Ég get hætt við að fara ef þú vilt, Hrafnhildur mín.

337 Umhyggja er þegar fólki er sýndur kærleikur.

— Nei, farðu bara, þú þarft líka að vera með vinkonum þínum.

— Ég kaupi eitthvað fallegt handa þér, sagði hún og þurrkaði tárin.

— Ég elska þig líka, sagði ég.

Ég lagðist á koddann þetta kvöld með myndina af okkur pabba á toppi

Móskarðshnjúka þétt við hjartað. Ég treysti mér ekki enn til að tala við hann en við skrifuðumst á.

*Vertu sterk, Hrafnhildur mín, vertu sterk, ljórnynjan mín, voru síðustu skilaboðin frá honum og þau endurtók ég þar til ég sofnaði.*

Þar sem ég stóð á efsta stigaprepinu í húsinu okkar og horfði á Tryggva í bláum jakkafötum áttaði ég mig enn betur en áður á alvarleika málsins. Þetta var í annað sinn sem ég sá Tryggva í jakkafötum, það fyrra var þegar þau mamma giftu sig. Sjálf var ég í lopapeysunni sem amma þjónaði og sömu götöttu gallabuxunum og ég hafði komið í til þessa lands. Hárið á mér huldi næstum því umbúðirnar á enninu. Allan morguninn hafði ég undirbúið mig og lesið yfir nokkrar greinar Barna-sáttmálans, bæði á íslensku og þýsku.

Fílísatangaarmaðurinn, sem hét víst Friedrich, hafði bankað upp á í gær og skipt á umbúðunum.

— Já, og gangi þér vel á morgun, sagði hann á leið út úr dyrunum. — Vertu yfirveguð<sup>338</sup> og nákvæm, væna. Það hjálpar alltaf.

338 Að vera yfirveguð/yfirvegaður er það sama og að vera mjög róleg/rólegur, hafa góða stjórna á sér.

Ég var með blátt og gult glóðarauga og hafði spáð í að setja yfir það lepp en hætt við. Það var óþarfi að líta út eins og sjóræningi. Hægra augað farðaði ég með græna maskaranum sem mamma hafði gefið mér, meiki og brúnum augnblyanti. Mjödmin var skárri en öxlin enn mjög aum. Í dag er ekki dagur til að gráta, sagði ég við sjálfa mig þegar ég leit í spegilinn og minnti á slagsmálhund.<sup>339</sup>

Þegar ég kom niður brosti Tryggvi hughreyst-andi<sup>340</sup> til mín í hvítri skyrtu með rautt bindi og ég tók eftir svitaperlum á enni hans.

— Við erum reyndar ekki á leið í veislu, sagði ég og reyndi að brosa.

Röddin í mér skalf.

— Svona næstum því, sagði hann en andvarpaði. — Við höfum nógan tíma svo við skulum borða eitthvað, bætti hann við og leit enn og aftur á úrið.

Tryggvi hafði greinilega farið í besta bakarið í bænum því á borðinu voru rúnstykki og

339 Slagsmálhundur er hundur sem oft berst við aðra hunda, orð sem líka er notað um árásgjarnt fólk.

340 Þegar einhver brosir hughreystandi til manns vill sú/sá hvetja mann áfram, telja í mann kjark.

súkkulaðikrossant. Aldrei þessu vant. Sjálfur drakk hann bara nokkra bolla af svörtu kaffi en hafði miklar áhyggjur af því að ég færi orkulaus af stað. Mig langaði eiginlega ekki í neitt og fann til í kjálkanum við að tyggja.

Við spjölluðum um hitt og þetta, meðal annars um flísatangarmanninn sem ég var svo ótrúlega þakklát. Tryggvi hafði ekkert vitað um manninn fyrir en hann hjálpaði mér. Við gátum hlegið aðeins að þátttöku hans í öllu mínu vesni. Svo sátum við þegjandi.

— En Tryggvi, sagði ég þá hugsí. — Myndir þú einhvern tímann kalla mig vandræðaungling?

Síðan Annika nefndi þetta orð hafði ég ekki getað hætt að hugsa um það. Var virkilega hægt að verða vandræðaunglingur á einum degi?

— Það dytti mér ekki í hug að gera, elskan. Ég held líka að það orð sé ofnotað. En nú þurfum við að drífa okkur!

Um leið og við settumst upp í bílinn tók alvarleg þögnin við. Ég sá Friedrich raka lauf í garðinum, hann strauk ennið með handarbakinu og horfði

á eftir okkur þegar við keyrðum af stað. Heiði veifaði okkur brosandí með moldugri hand-skóflu og sendi mér fingurkoss. En ég sá líka að hún greip um andlit sér þegar við vorum alveg að hverfa úr augu. Tryggvi gerði ekki annað en að skipta um stöð í útvarpinu þar til hann á endanum slökkti bara. Stressuð fór ég á netið og skoðaði skilaboð frá Ase sem sendi mörg hjörtu og sagði að ég væri svo hugrökk. Í raun var ég skíthrædd.

Við þurftum að leggja langt frá skólanum og þegar ég steig út úr bílnum fann ég kvíðann og spennuna magnast upp. Mig langaði að biðja Tryggva að snúa við. Ég gæti flutt til Íslands strax á morgun.

— Nú tókum við slaginn saman, sagði Tryggvi eins og hann læsi hugsanir mínar og við gengum af stað.

Á skólalóðinni rifjaðist allt upp fyrir mér og ég var næstum farin að gráta. Á móti okkur streymdu nemendur á leið heim úr skólanum.

Ég gekk lítil í mér<sup>341</sup> á eftir Tryggva með Barna-sáttmálann í brúnum Kanken-bakpoka. Ég var næstum viss um að Herr Schmidt hefði ákveðið að hafa fundinn á þessum tíma svo ég myndi mæta sem flestum og skammast mín sem mest. Gat vel trúað því upp á hann að hafa gengið stofu úr stofu og sagt:

— Takið eftir, krakkar! Þegar þið gangið heim í dag þá munuð þið sennilega mæta sannkölluðum vandræðaunglingi.

Þess vegna hélt ég að mér hefði misheyrst þegar ég heyrði sagt:

- Gangi þér vel!
- Stattu í fæturna!
- Gott hjá þér!
- Segðu sannleikann!

Allir sem ég mætti stöðu á mig. Sumir sögðu eitthvað, brostu hughreystandi eða sendu mér þumal. Einhverjir vorkenndu mér greinilega. Aðrir vildu ekki horfa á mig. Tryggvi leit undrandi en stoltur til mín. Þegar Adrian,

341 Þegar maður er lítill í sér upplifir maður sig lítinn og vanmátugan, skortir sjálfstraust.

myndarlegi strákurinn í bekknum gekk fram hjá mér, sagði hann:

— Þú massar þetta eins og allt annað, og svo brosti hann.

Það fór um mig hlýr straumur og þegar ég leit til baka sá ég að hann horfði á eftir mér.

Mér brá svakalega þegar við komum inn í skólann og vo!g hrákaslumma<sup>342</sup> lenti á kinninni á mér. Orðið „tussa“, skall á mér. Þegar ég leit upp sá ég Günther hverfa fyrir horn. Við tróðum okkur í gegnum þvögu<sup>343</sup> nemenda. Einhver stakk miða í lófann á mér og sagði: Frá Akam. Ég greip í jakkaermi Tryggva.

Hvatningarorðin ýttu okkur alla leið upp á skrifstofu skólans. Annika stóð á ganginum og var að deyjja úr stressi. Hún leit út eins og lítill vængbrotinn fugl. Mig langaði til að faðma hana en hafði ekki orku til þess.

— Mér líður svo ógæðslega illa, sagði hún í kæfandi reykingalykt. — Ég svaf næstum ekki neitt.

342 Hrákaslumma er munnvatn sem er skrypt/spýtt út um munninn.

343 Þvaga eru margar manneskjur í einum þéttum hópi.

- Ég geri mitt besta, sagði ég, stakk miðanum í vasann og kreisti hönd hennar. — Reyndu að slaka á.
- Heinz-Otto ætlar að leyfa mér að bíða inni í stofunni sinni. Ég þori ekki að bíða úti.
- Ekki samt reykja þar inni, þá gæti brunakerfið farið af stað.
- Ertu með sáttmálann?
- Já.
- Ætlarðu virkilega að vera í lopapeysunni inni? spurði hún móðurlega.
- Já. Amma þrjónaði hana.

Fundurinn var haldinn í sal sem ég hafði aldrei komið í. Ég vissi að Þjóðverjar gætu verið formlegir en á þessu átti ég ekki von. Við stórt langborð sátu allir kenningararnir síthvorum megin við Herr Schmidt og mann í dökkum jakkafötum. Ljósærð og góðleg kona sat við annan enda borðsins en við hinn sat Heinz-Otto. Ég þorði varla að líta upp. Mér fannst ég hafa brugðist væntingum hans.<sup>344</sup> Var ég kannski ekki annað en vandræðastúlka frá eyju norður í hafi sem hikaði ekki við að beita ofbeldi þegar henni datt það í hug? Þegar ég laumaðist til að líta á hann, brosti hann föðurlega til mín og kinkaði kalli. Ég reyndi að brosa á móti.

Herr Schmidt, klæddur í dökk jakkaföt, leit alvarlega í áttina til hans áður en hann gekk til

344 Að bregðast væntingum einhvers er að gera ekki það sem einhver vonaðist til að maður myndi gera.

Tryggva og spurði á þýsku hvort konan hans væri á leiðinni. Mig þóttist hann ekki sjá. Hann setti upp hneykslissvip þegar Tryggvi svaraði á lélegri þýsku að hún væri stödd í útlöndum. Húsvörðurinn kom og sótti stólinn sem ætlaður hafði verið mömmu. Akam hafði sagt mér að húsvörðurinn væri Kúrði frá Írak. Ég brosti afsakandi til hans.

Herr Schmidt byrjaði fundinn og kynnti alla kennarana. Maðurinn við hliðina á honum var yfirmaður einhverrar skólamálastofnunar og konan sem sat úti á enda var sálfræðingur. Að lokum kynnti hann okkur Tryggva og tilkynnti að mamma væri fjarverandi.

— Vætanlega að sinna mikilvægari erindum, bætti hann hæðnislega við.

Sálfræðingurinn leit hlýlega og afsakandi til mín. Ég vorkenndi Herr Bechtold smíðakennara fyrir að þurfa að sitja þarna og sá hvað honum leið illa. Herr Schmidt byrjaði á að segja hvað hefði gerst og ég stífnaði öll upp. Samkvæmt honum átti ég að hafa gengið að strákunum, sem

höfðu verið að tala saman, og ógnað þeim með hnífi. Í framhaldinu hefðu brotist út slagsmál þar sem ég hefði óhikað barið Albert og Günther sem hefðu þurft að leita til læknis. Þeir hefðu sem betur fer sloppið við lífshættuleg meiðsl. Að lokum hefði ég, alblóðug, flúið af vettvangi.<sup>345</sup>

— Hann lýgur, hvíslaði ég titrandi röddu að Tryggva.

— Já, ég gat ekki skjlið betur, sagði hann og þurrkaði svita af enni sér.

— Afsakið, sagði Herr Schmidt og horfði ásakandi á mig. — Fräulein Unnsteinsdóttir, þú færð að tala á eftir.

Næst talaði Herr Müller. Ég leit undrandi á Heinz-Otto en hann lokaði augunum og lagði hönd á enni sér. Annika hlaut að hafa sagt honum alla söguna þegar hún hljóp inn til hans með hnífinn. Ætlaði hann ekki að leiðréttu þetta?

Herr Müller var gráhræður og með undirhöku sem flæddi yfir skyrtukragann. Hann las afskaplega óskýrt upp af blaði og ef Annika hefði ekki verið búin að segja mér frá mögulegri refsingu

345 Vettvangur er ákveðinn staður.

hefði ég ekki skilið almennilega það sem hann sagði. Hann endurtók orðin *öfheldi, viltjandi, refsing, hættuleg hegðun, alvarlegt, slæmur félagskapur* og fleiri orð sem ég skildi ekki.

Aftur leit ég á Heinz-Otto og setti upp undrunarsvip sem átti að merkja: Og ætla þú ekki að segja eitthvað? Og aftur olli hann mér vonbrigðum með því að gefa mér merki um að vera róleg. Ætlaði hann virkilega ekki að hjálpa mér? Var hann þá bara týpan sem gat talað um það sem aðrir ættu að gera en gerði svo ekkert sjálfur?

Frau Richter var greinilega ritari fundarins. Næst talaði sálfræðingurinn Frau Fischer. Andfélagsleg hegðun<sup>346</sup> heyrði ég hana segja. Svo var vitnað í Frau Richter og atvikið þegar ég skyrpti tyggjóinu í ruslatunnuna og útihlaupaæfinguna í skóginum. Mikið og ögrandi ímyndunaraf í smíðatímum, lítil virkni í stærðfræðitímum og svo var talað um lélega þýsku mína. Ekki var minnst á sögutímana eða enskutímana

346 Þegar einhver hagar sér andfélagslega tekur hún/hann ekki tillit til annarra í kringum sig, vill jafnvel ekki umgangast aðra.

þar sem mér fannst ég hafa staðið mig betur en flestir aðrir. Slæmur félagskapur var sagt og minnst á Anníku og þá fékk ég svo stóran kökk í hálsinn að ég hélt ég myndi fara að gráta en náði að herða mig upp.

Frau Richter pikkaði hratt á lyklaborðið. Herr Bechtold horfði sorgmæddur og afsakandi á mig. Ég vorkenndi honum og reyndi að kinka til hans kalli.

Ég leit aftur á Heinz-Otto. Hann strauk í gegnum skeggið og starði stíft fram fyrir sig. Hafði hann virkilega ekki skilað inn umsögn um mig? Var það ekki einmitt hann sem hafði sagt að stundum þyrfti að verja annað fólk?

Nú leit ég á Tryggva sem horfði hlýlega á mig og strauk á sér hálsinn með vasaklút. Hann hafði greinilega ekki skilið allt, ræskti sig og sagði á ensku:

— Afsakið en það væri vissulega betra ef þessar umræður væru á ensku.

Herr Schmidt lét eins og Tryggvi hefði reynt að panta sér hamborgara á tunglinu. Hann svaraði honum á þýsku:

— Það hefði sannarlega verið möguleiki hefðu þið sótt um það fyrir fundinn. Þið getið gert það næst, ef það verður eitthvað næst.

Svo brosti Herr Schmidt gervilega til allra. Tryggvi seig neðar í sætið. Ég hallaði mér að honum.

— Það er of seint að biðja um það núna. En ég skil næstum allt.

— Ég vildi að ég gæti sagt það sama, Hrafnhildur mín, hvíslaði hann.

Hversu barnalegur hafði undirbúningur okkar Anniku verið? Ég hafði í sakleysi mínu ímyndað mér að þetta yrði samtál. Á Íslandi hefði mér pott-þétt gefist tækifæri til að skýra málin út frá minni hlið. Nú langaði mig ekkert meira en að komast frá þessu landi sem fyrst. Fara heim til pabba.

— Fräulein Unnsteinsdóttir, viltu nýta þér það tækifæri eða ekki? heyrði ég þá Herr Schmidt segja.

— Að hvað? sagði ég daufilega.

— Fräulein Unnsteinsdóttir, ég endurtek. —

Viltu nýta þér tækifærið og biðjast afsökunar á framkomu þinni?

Herr Schmidt starði á mig. Ég starði á gráan himininn, trjágreinar og fjúkandi haustlauf. Átti ég að biðjast afsökunar á framkomu sem var ekki mín? Svárið hlyti að vera nei. Með einu nei-i gæti ég flogið heim til pabba.

Ég krosslagði handleggji og horfði afsakandi á Tryggva. Svo leit ég yfir hópinn. Frau Fischer starði á pappírana sína á meðan Herr Bechtold beit í neðri vörina. Og svo horfði ég eftir allri röðinni að Heinz-Otto sem horfði ákveðið á mig og lyfti höndum.

— Fräulein Unnsteinsdóttir, við biðum eftir svári, heyrði ég Herr Schmidt segja í fjarska.

Af vörum Heinz-Ottos las ég orðið: *Svaraðu!* Hann lyfti höndunum enn hærra eins og hann hafði svo oft gert þegar hann gaf mér ekki séns á að svara ekki. Fyrstu viðbrögð mín voru að líta undan og klemma saman varirnar. Svo leit ég aftur til baka. *Jetzt, jetzt, núna, núna*, las ég af vörum hans og nú voru hendur hans komnar upp að öxlum. Herr Schmidt leit grimmilega á hann. Kökkurinn þrengdi sér upp hálsinn á mér og ég barðist við tárin. Herr Schmidt sagði:

— Jæja, Fräulein Unnsteinsdóttir. Þú ætlar greinilega ekki að biðjast afsökunar og því skulum við ...

— Bíddu, sagði ég. — Bíddu aðeins. Ég andaði djúpt og teygði mig rólega í bakpokann minn. Og þá heyrði ég skjáfið í miðanum. Já, miðinn frá Akam! Ég lagði Barnasáttmálann á borðið og las á miðann. Þú manst eftir myndavélunum.

Upptökur til af öllu því sem gerðist á skólalóðinni, ef það hjálpar. Gangi þér vel. Akam — þs:

*Ég er með afrit af upptökunum.*

Ég leit upp. Allir horfðu á mig. Aftur leit ég á Heinz-Otto sem sagði:

— Þú ættir að rísa á fætur, Hrafnhildur.

Ég var honum bæði reið og þakklát. Ég bæði hataði hann og dáði.

— Stattu á fætur, sagði hann mjög ákveðið þegar ég sýndi engin viðbrögð.

Ég stóð á fætur, skjálfandi á beinunum.

Tryggvi reisti sig upp í sætinu og horfði stressaður á mig. Ég hugsaði til Akams og þá var eins og allt skýrðist í huga mér. Ég talaði hægt og gætilega.

— Ég er bara toppurinn á jöklinum og úr þeim toppi gaus.

— Toppurinn á Ísjakanum, heyrði ég Herr Schmidt segja og líta hæðnislega í átt að Frau Richter sem ranghvolfdi í sér augunum.

— Toppurinn á jöklinum, endurtók ég herra. Herr Bechtold brosti í fyrsta skipti þennan daginn.

Ég sagði frá öllu. Heinz-Otto hélt höndunum uppi allan tímann. Ég vitnaði í Barnasáttmálann.

Þar segir að börnum skuli veitt tækifæri til að tjá sig við hverja þá málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi sem barnið varðar. Að vernda skuli barn gegn hvers líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, illri meðferð eða skeytingarleysi.<sup>347</sup> Bara það að ég las upp úr Sáttmálanum varð til þess að bæði Frau Richter og Herr Schmidt misstu andlitið.

Í byrjun var ég rosalega stressuð en þegar ég sá Herr Schmidt síga lengra og lengra niður í sæti sitt varð ég hugrakkari. Ég róaðist. Sundum

<sup>347</sup> Skeytingarleysi er það sama og afskiptaleysi, þegar einhver gerir ekki það sem á að gera, sinnir ekki skyldu sinni, t.d. til að tryggja velferð barns.

notaði ég ensk orð og hikaði. En alltaf hélt ég áfram og þakkaði Anniku í huganum fyrir undirbúninginn. Herr Schneider stærðfræðikennari hafði verið rólegur allan fundinn en nú var hann orðinn stressaður.

— Kannski að Herr Schneider geti heyrt í Günther og spurt hvort þetta sé rétt? sagði ég og horfði á hann svitna. — Þeir eru frændur.

— Þetta er bara alls ekki rétt, sagði hann.

— Ef þeir muna þetta ekki sjálfir er hægt að sjá þetta allt í eftirlitsmyndavélunum, sagði ég.

Tvisvar sinnum reyndi Herr Schmidt að stoppa mig af. Í fyrra skiptið var það Heinz-Otto sem bað hann vinsamlegast um að leyfa mér að klára en í seinna skiptið var það ég.

— Afsakið, sagði ég. — En ég held að góður skólastjóri vilji heyra það sem börn hafa að segja.

Ég endaði á að segja það sem Annika var búin að æfa mig aftur og aftur í að endurtaka.

— Mér þykir afskaplega leitt að til ofbeldis hafi komið og það ætti aldrei að líðast. Ég biðst afsökunar á mínum hlut þar. Ég er þakklát fyrir allt sem ég hef lært í þessum skóla og veit núna

að margt í þýsku skólakerfi er betra en á Íslandi en líka að það þýska getur lært margt af því íslenska. Heima á Íslandi er meiri mildi í samskiptum nemenda og kennara. Hér er meiri agi og meiri kröfur. En ég hef aldrei lært jafn mikið á jafn stuttum tíma. Ég vil sérstaklega þakka Heinz-Otto fyrir góða kennslu. Í þessum skóla hef ég líka eignast mjög góða vini sem ég er mjög þakklát fyrir.

Þá fannst mér ég vera búin að segja allt sem segja þurfti. Ég var tilbúin að taka því sem biði mín. Ég settist aftur og Tryggvi teygði sig í hönd mína.

— Þú ert ótrúleg, sagði hann klökkur.

Ég sá allt í móðu og heyrði sama og ekkert.

Eiginlega horfði ég á fundinn leysast upp. Mér brá örlítið þegar Heinz-Otto stóð við hlið mér og sagði:

— *Mit Respekt, mit großem Respekt.* Með virðingu, með mikilli virðingu. Þú hefur gert meira fyrir þennan skóla heldur en ég öll þau ár sem ég hef unnið hérna.

— Takk, sagði ég og vissi að hann var að ýkja.<sup>348</sup>

348 Að ýkja er að láta eittlívað virðast meira en það er.

Síðan horfði ég á eftir honum þar sem hann gekk fyrstur út, jafn frjálslægur og þegar við mamma höfðum hitt hann fyrst.

Ég veit ekki hve lengi ég var í faðmi Tryggva.

Við vorum þau síðustu út. Fyrir utan hljóp Annika í fangið á mér með enn sterkari reykingalykt en áður.

— Sagðir þú Hein̄z-Otto að við hefðum undirbúið okkur? spurði ég.

— Já, auðvitað.

Hún greip þétt um hönd mína.

— Ertu búin að tala við hann?

— Hvað heldurðu, manneskja? sagði hún og byrjaði að valhoppa.

Tryggvi hringdi í mömmu á leiðinni út og ég leyfði einu eða tveimur tárum að renna niður kinnarnar á mér þegar hann sagði:

— Við getum verið stolt af stelpunni okkar.

Mamma sagði að henni þætti svo leitt að vera ekki betri mamma.

— Þú ert alltaf flottust, mamma mín, sagði ég.

Akam beið fyrir utan með Gelu í hjólastólnum og ég gekk til þeirra.

— Ég sagði þeim allt, sagði ég og óttaðist viðbrögð hans örliðið.

— Ég vissi að þú myndir gera það, sagði hann brosandi.

— Var það í lagi?

— Kannski ekki rétt en nauðsynlegt.

Við brostum bæði og stóðum lengi í sömu sporum rétt eins og hvorugt okkar tímdi að yfirgefa þessa stund. Tryggvi og Annika komu til okkar.

— Sama hvernig allt fer, Hrafnhildur mín, er þá samt ekki ástæða til að halda smá veislu í kvöld og kveikja upp í grillinu? Ég veit að Heidi ætlaði hvort sem er að koma við með einhvern mat.

— Má ég bjóða einni annarri vinkonu minni að koma líka?

— Öllum sem þú vilt, sagði hann skælbrosandi.

— Við komum stólnum örugglega í bílinn hjá okkur, sagði hann við Akam og Gelu. — Kylum á þetta, þótt það sé dálítið svalt<sup>349</sup> úti. Við eigum nóg af teppum.

349 Svalt þýðir svolítið kalt.

Þannig kynntist Heidi Dietrich betur og Tryggvi hittu Ase og pabba hennar í fyrsta sinn. Í miðri máltíð hringdi síminn. Í þetta sinn hringdi Heinz-Otto beint í mig.

— Þú fékkst viku, sagði hann hlæjandi. — Þau þurfa viku til að jafna sig sjálf, sagði hann og hló enn innilegar.

Þá hringdi dyrabjallan og ég fékk pínulítinn sting í hjartað. Við Tryggvi fórum saman til dyra og auðvitað var Friedrich flísatangarmaður mættur.

— Ég vildi til öryggis láta þig fá örliðið spritt, já og smá súkkulaði frá konunni minni, sagði hann afsakandi og rétti mér súkkulaðistykki á stærð við gangstéttarhellu.

Ég vissi vel að hann vildi bara vita hvernig allt hefði gengið og auðvitað buðum við honum inn.

Pabbi svaraði strax og þegar ég hafði sagt honum frá öllu spurði ég hvort hann og amma gætu komið í heimsókn í næstu viku.

— Ég þarf aðeins að kíkja á planið hjá ...

— Pabbi, ég þarfnast þín, sagði ég ákveðið.

Þögnin var stutt.

— Auðvitað kem ég eins fljótt og ég get.

— Amma líka?

— Það getur þú verið viss um. Hún hefur haft afskaplega miklar áhyggjur af þér þótt ég hafi sama sem ekkert sagt henni.

— Ég held ég vilji frekar fá ykkur hingað heldur en að koma heim, það er hvort sem er svo stutt til jóla. Þið getið þá kynnst nýju vinum mínum. En ég held að þið ættuð samt ekki að gista hér. Eða kannski bara amma.

Hann hló glaðlega.

— Við skulum ekki flækja málin, aðalatriðið er að hitta þig, lambið mitt.

Ég lagði á, settist í gluggakistuna í herberginu mínu og horfði yfir dalinn og svo niður í garðinn minn. Akam hélt systur sinni uppi á meðan Hugrún og Auður létu trampólínið skoppa undir henni. Annika og Tryggvi stóðu saman við grillið og töluðu og hlógu. Dietrich horfði hrifinn á Heidi þegar hún rétti honum kökusneið, stelpulega feimin. Ase og pabbi hennar, með íslensk ullarteppi á herðunum, lyftu fótum svo

Friedrich flísatangarmaður gæti sópað undir bekknum sem þau sátu á. Hann brosti sáttur að verki loknu.

Ég líka.

Og þá fannst mér í fyrsta sinn í langan, langan tíma

ég ekki þurfa að gera neitt

því allt væri gott,

svo gott

svo gott

svo yndislega gott.